



Samtökin '78
Starfsskýrsla 2014-2015

Efnisyfirlit

Formáli formanns	5
Viðburðaannáll 2014-2015	7
1 Inngangur	
1.1 Markmið og skipulag skýrslunnar	13
1.2 Uppröðun kafla og inntak þeirra	13
2 Almennit félagsstarf – stofnanir, skipulag og starfsemi	
2.1 Aðalfundur 2014	15
2.2 Félagssfundir	16
2.3 Stjórn	16
2.4 Trúnaðarráð	17
2.5 Sameiginlegir stjórnar- og trúnaðarráðsfundir	18
2.6 Félagsslegir skoðunarmenn reikninga	18
2.7 Starfshópar og nefndir	18
2.8 Hagsmunafélög	21
2.9 Tengdir hópar	24
2.10 Ýmis félög og fyrirtæki tengd hinsegin viðburðum og menningu	25
3 Fjármál, rekstur og upplýsingamál	
3.1 Fjármál	27
3.2 Rekstrartekjur og gjöld	27
3.3 Eignir, eigið fé og skuldir	27
3.4 Styrkir og þjónustusamningar	27
3.5 Skrifstofa og starfsfólk	28
3.6 Húsnæðismál	28
3.7 Félags- og sálfræðiráðgjöf	28
3.8 Félagsmiðstöð	28
3.9 Félagatal	29
3.10 Upplýsinga- og kynningarmál	29
3.10.1 Ný upplýsingastefna í samhengi við nýtt skipulag starfseminnar	29
3.10.2 Facebooksíða í vexti	30
3.10.3 Útgáfuverkefni	30

4 Verkefni eftir málaflokkum

4.1 Alþjóðamál

4.1.1	Evrópusamstarf: ILGA Europe - ársskýrsla, ársþing og intersex	31
4.1.2	Evrópusamstarf: EEA Grants - 'Tengslanet gegn hatri'	33
4.1.3	IDAHO Forum ráðstefnan 13. til 15. maí 2014	34
4.1.4	Norrænt samstarf	34
4.1.5	Úgangda - Samstarf við baráttusystkin	34

4.2 Félags- og sálfræðiráðgjöf

4.2.1	Almennt um félags- og sálfræðiráðgjöfina	37
4.2.2	Markmið með þjónustunni	37
4.2.3	Ráðgjafateymi	37
4.2.4	Almennt um notendur þjónustunnar	38
4.2.5	Skjólstæðingar árið 2014	38
4.2.6	Viðtöl hjá ráðgjöfum árið 2014	39
4.2.7	Þóknun ráðgjafa - þörf á hækkun rædd við gerð þjónustusamnings	39
4.2.8	Símenntun ráðgjafa, tengslamyndun og stuðningur	40
4.2.9	Þróun núverandi þjónustu og utanumhald	40
4.2.10	Útvíkkun ráðgjafar - netspjall ráðgjafa	40

4.3 Fræðsla og rannsóknir

4.3.1	Almennt um fræðslustarfið	41
4.3.2	Markmið með þjónustunni	41
4.3.3	Inntak fræðslustarfsins - efnistöð, nálganir og leiðir	41
4.3.4	Fræðslan í ljósi aðalnámskrár og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar	42
4.3.5	Fræðsluteymi	43
4.3.6	Snið fræðslunnar og notendur þjónustunnar	43
4.3.7	Fræðslufundir starfsárið 2014 til 2015	44
4.3.8	Greiðslur til fræðslustarfsfólks	44
4.3.9	Símenntun fræðslustarfsfólks, tengslamyndun og stuðningur	44
4.3.10	Þróun fræðslustarfs og utanumhald	45
4.3.11	Útgáfa fræðsluefnis - fræðslubæklingur og kynningarmyndbönd	45

4.4 Menning og viðburðir

4.4.1	Bókasafn Samtakanna '78 (1987 til 2014)	47
4.4.2	Starfsemi í Regnbogasal	48

4.5 Réttindabarátta og löggjöf

4.5.1	Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ	49
4.5.2	Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með beinni þátttöku í nefndum o.fl.	49
4.5.3	Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með umsögnum um lagafrumvörp o.fl.	50
4.5.4	Kærur og kvartanir	50

4.7 Ungliðahreyfing Samtakanna '78

51

Formáli formanns

Kæru félagar

Óvenju stormasömum vetri fer nú að ljúka. Vonandi. Veturinn hefur tekið á taugarnar og það má í raun segja að hann hafi lagst á félagið okkar af tvöföldum þunga. Það er nefnilega ekki ljóst hvort hefur tekið meira á: veturinn – eða óviðráðanlegar og að því er virðist endalasar tafir við nýtt félagsheimili. Það er ótrúlegt þetta andlega frost sem getur fylgt húsnæðisleysi og -framkvæmdum. Starfsemin hægir á sér. Biðin deyfir. Framkvæmdirnar sjúga orku frá öllu öðru. Ég biðst auðvitað afsökunar og þakka skilninginn. Ástæðurnar eru margvíslegar, m.a. seinangangur við afgreiðslu nauðsynlegra leyfa og úttækta en einnig það að verkefnið reyndist umfangsmeira en við áætluðum. Kröfur um gott aðgengi og sveigjanleika kölluðu á miklar breytingar – sem geta orðið snúnar í jafn gömlu húsnæði. Pípulagnavinnan varð meiri. Og svo kom lekinn.

En nóg um það. Biðin er senn á enda og við héldum þrátt fyrir allt dampi – og vel það. Starfsárið hefur nefnilega verið viðburðaríkt. Við gáfum frá okkur fágætan menningardýrgrip, sjálft bókasafnið, en tókum þess í stað fagnandi á móti intersex fólki. Það er ekki lítið. Við stóðum m.a. að dagskrá á alþjóðadegi tvíkynhneigðra, fögnuðum með Trans Íslandi og Intersex Íslandi á alþjóðadögum og fögnuðum 1. desember með HIV-Íslandi. Við ræddum hinsegin sögu á málþingi sagnfræðinga, hinsegin orðræðu á degi íslenskrar tungu og tókum þátt í alþjóðaverkefnum. Við héldum jólabingó og -böll, sendum inn umsagnir um lagafrumvörp og stefnuþlög og tókum þátt í nefndastarfi ráðuneyta. Við unnum fræðslubækling sem kemur út von bráðar, við fengum styrk fyrir þýðingu og talsetningu á teiknimynd um hinsegin riddara og við unnum í annarri útgáfu. Við tókum virkan þátt í fjölmiðlaumræðu og ræddum m.a. blóðgjafir, málefni intersex og trans fólks, fjölskyldur og hatursorðræðu. Svo eitthvað sé nefnt.

Fræðsluteymi, ráðgjafar og ungliðar hafa starfað af krafti við erfiðar aðstæður. Ég hef kynnst því góða starfi sem þetta frábæra fólk sinnir, hlustað og uppgötvað hvað það er mikilvægt að hlúa vel að og virkja grasrótina. Veita félagsfólki raunverulega hlutdeild í starfinu. Félagfólki hefur fjölgað og ég hvet alla til að slást í hópinn og vinna með okkur að spennandi verkefnum.

Starfsskýrslan endurspeglar áherslu á innra starf. Í vetur höfum við rætt við Reykjavíkurborg um endurnýjun á þjónustusamningi og hækkuð framlög og nú er það ríkisvaldið. Af því tilefni hófum við mótun stefnu og markmiða um kjarnastarfsemi okkar, greina þarfir og skilgreina betur þjónustuna. Afraksturinn er grunnur að þjónustulýsingum fyrir ráðgjöf, fræðslu- og ungliðastarf. Markmiðið er aukin gæðin og betri árangur við fjármögnun. Ákveðið var að byrja á nokkrum þáttum í kjarnastarfseminni en fara svo í fleiri þætti - í samstarfi við starfshópa og félagsfólk. Það hefur reynt nauðsynlegt að kíkja út í öll horn en það hefur líka verið hollt. Við stöndum sterkari á eftir og vitum upp á hárfvað við stöndum fyrir og hverju við getum verið stolt af.

Framundan er opnun Suðurgötu í apríl/maí og veglegt innflutningspartý í vor. Félagið stendur vel fjárhagslega, skuldlaust í eigin húsnæði og það eru ekkert nema bjartir tímar framundan. Veturinn hopar. Storminn lægir. Sólin gægist fram.

Gleðilega sól!

Með ást og friði

Hilmar.

Viðburðaannáll 2014-2015

Mars

- 22.3.14** **S78 Ísland / Aðalfundur Samtakanna '78**
Hilmar Hildarson Magnússon tekur við formennsku af Önnu Pálu Sverrisdóttur. Fundurinn samþykkir einróma að leysa upp bókasafn félagsins og færa það Borgarbókasafni og Námsbraut í kynjafræðum við Háskóla Íslands að gjöf. Hagsmunaaðild Hinsegin daga einróma samþykkt.
- 27.3.14** **S78 Ísland / Kominn tími á tékk?**
S78, HIV-Ísland, Q-félag og Göngudeild smitsjúkdóma á LSH standa fyrir opnum „tékk“ degi í S78.

Apríl

- 8.4.14** **S78 Ísland / God Loves Uganda sýnd í Laugarneskirkju**
Laugarneskirkja í samvinnu við S78 standa fyrir opinni sýningu á myndinni 'God Loves Uganda' sem fjallar um þátt bandarískra evangelískra öfgatrúfélaga í ofsóknum á hendur hinsegin fólki í Úganda. Ávörp flytja Sigurvin Jónsson prestur í Laugarneskirkju, Hilmar Hildarson Magnússon formaður S78, Jón Gnarr borgarstjóri, Kristín Þórunn Tómasdóttir prestur í Garðabæ og Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir formaður sóknarnefndar Laugarneskirkju.
- 11.4.14** **Bandaríkin / Utanríkisráðherra fundar með fjármálaráðherra Úganda**
Fundurinn er í tengslum við vorfund Alþjóðabankans í Washington. Ráðherra kemur á framfæri gagnrýni Íslands og ítrekar stuðning við samkynhneigða í Úganda.
- 14.4.14** **Ísland / Félags- og húsnæðismálaráðherra skipar nefnd um málefni hinsegin fólks**
Nefndin er skipuð í kjölfar þingsályktunar sem samþykkt var þann 15. janúar 2014. Svandís Anna Sigurðardóttir varaformaður er fulltrúi Samtakanna '78 í nefndinni.
- 24.4.14** **S78 Færeyjar / Staða hinsegin fólks á Grænlandi, Íslandi og Færeyjum**
Formaður S78 tekur þátt í opnun sýningarinnar 'Gay Greenland' í Norðurlandahúsinu í Færeyjum en sýningin er formlega opnuð af Jóni Gnarr borgarstjóra í Reykjavík og Aasi Chemnitz Naarup borgarstjóra í Nuuk. Umræður um stöðu hinsegin fólks á Grænlandi, Íslandi og Færeyjum og drög lögð að nánara samstarfi.
- 26.4.14** **S78 Ísland / Stefnumót um forréttindi, stefnu og ný heimkynni félagsins**
Opinn fundur fyrir félagsmenn um forréttindi, stefnu og starfsemi félagsins og ný heimkynni á Suðurgötu 3. Fundurinn er haldinn í kjölfar árlegs vorfundar stjórnar og trúnaðarráðs S78. Meðal efnis er forréttindafræðsla með Svandísi Önnu Sigurðardóttur og kynning Helga Steinars Helgasonar arkitekts á drögum að hönnun Suðurgötu 3.

Mái

- 1.5.14** **S78 Ísland / S78 taka þátt í 1. maí hátíðahöldum**
Um 20 félagar í S78 fylkja liði í kröfugöngu í tilefni fyrsta maí. Regnbogafánar og skilti með áletruninni „Hinsegin barátta er stéttabarátta“ eru höfð á lofti.
- 7. 5.14** **Ísland / Undirbúningsfundur að stofnun félags hinsegin kennara**

- 10.5.14** **S78 Ísland / S78 taka þátt í Fjölmenningsardegi í Reykjavík**
- 13.-14.5.14** **S78 Malta / S78 taka þátt í IDAHO Forum 2014**
- 14.5.14** **Malta / Félagsmálaráðherra undirritar yfirlýsingu um hinsegin mál**
- 16.5.14** **Ísland / Alþingi samþykkir harðorða ályktun gegn lögum í Úganda**
Alþingi samþykkir þingsályktunartillögu Össurar Skarphéðinssonar fyrrv. utanríkisráðherra.
- 17.5.14** **S78 Ísland / IDAHO 2014: Skipta hinsegin atkvæðin máli?**
Opinn fundur með frambjóðendum til borgarstjórnar í Reykjavík um málefni hinsegin fólks í tilefni IDAHO - Alþjóðadags gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki.
- 22.5.14** **S78 Ísland / Opinn fræðslufundur um intersex að Laugavegi 3**

Júní

- 27. 6.14** **S78 Ísland / Christopher Street – Stonewall dagurinn**
Deginum fagnað með stofnun Intersex Ísland og síðasta opna húsi á Laugavegi 3.

Júlí

- 1.7.14** **S78 Ísland / S78 taka við lykklum að Suðurgötu 3**

Ágúst

- 9.8.14** **S78 Ísland / Samtökin '78 taka þátt í gleðigöngu hinsegin daga**
Göngufólk S78 heldur á skiltum með „bestu“ bitunum úr kommentakerfum fjölmiðla til að vekja athygli á hatursorðræðu í garð hinsegin fólks. Aðgerðin vekur athygli fjölmiðla og skapar umtal.
- 21.8.14** **S78 Danmörk / Staða hinsegin fólks á Grænlandi, Íslandi og Færeyjum**
Gjaldkeri S78 tekur þátt í pallborði í Kaupmannahöfn um stöðu hinsegin fólks í vestnorrænu ríkjunum í tilefni opunar sýningarinnar Gay Greenland.
- 31.8.14** **S78 Ísland / S78 afhenda nýjum eigendum lykla að Laugavegi 3**
Formaður afhendir nýjum eigendum, hjónunum Þorsteini Haraldssyni og Láru V. Júlíusdóttur, formlega lykla að Laugavegi 3.

September

- 23.9.14** **S78 Ísland / Alþjóðadagur tvíkynhneigðra haldinn hátíðlegur með hinsegin bókaþöf**
S78 afhenda Borgarbókasafni og námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands veglega bókaþöf. Bókaþöfin til kynjafræðinnar verður varðveitt á Þjóðarbókhöfðu.
- 29.9.14** **S78 Ísland / Regnbogamessa í Laugarneskirkju**
Laugarneskirkja heldur regnbogamessu. Samtökin '78 kynna starfsemi sína.

Október

- 25.10.14** **S78 Ísland / Formaður sendir Landlæknisembætti fyrirspurn vegna líffæragjafa**
Spurt er vegna átaks embættisins sem gengur út á að fá fólk til að skrá vilja sinn til líffæragjafa og þeirrar staðreyndar að körlum sem stunda kynlíf með körlum er bannað að gefa blóð. Svör embættisins eru þau að allir séu gjaldgengir líffæragjafar – líka umræddur hópur.
- 26.10.14** **Intersex Ísland / Alþjóðadagur intersex fólks**

Nóvember

- 8.11.14** **Intersex Ísland / Minningardagur intersex fólks**
Formenn Intersex Ísland og Samtakanna 78 rita grein í tilefni dagsins. Formaður Intersex Ísland vekur athygli fjölmargra fjölmiðla á málefnum í aðdraganda dagsins og fundar með fólki.
- 15.11.14** **S78 Ísland / Hinsegin orðræða: Smurning eða sandur í tannhjólum gagnkynhneigða regluverksins?**
Formaður 78 flytur erindi á Málræktarþingi íslenskrar málnefndar og MS og hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins í tilefni af degi íslenskrar tungu.
- 19.11.14** **S78 / Félagsfundur um fjárhagsáætlun, jafnrétti, umhverfi o.fl.**
Kynning á hálfársuppgjöri og lögð fram fjárhagsáætlun. Eins fór fram kynning á drögum að jafnréttis- og umhverfisstefnu og stöðu mála við hönnun og framkvæmdir nýs félagsheimilis.
- 20.11.14** **Trans Ísland / Minningardagur trans fólks**
Trans Ísland stendur fyrir fallettri og áhrifaríkri dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er gestgjafi. Formenn Trans Ísland og S78 skrifa grein í tilefni dagsins. Viðtöl við formann Trans Ísland í nokkrum miðlum.
- 24.11.14** **Ísland / Fréttir af aukningu á sárásóttartilfellum**
Læknar hafa áhyggjur af aukningu tilfella, einkum í hópi karlmanna sem stunda kynlíf með öðrum körlum, og hvetja til varkárni í kynlífi. S78 vekja athygli á málinu.

Desember

- 1.12.14** **HIV Ísland / Fjöldi fólks samgleðst HIV Íslandi á Degi rauða borðans**
Félagar í S78 ásamt fjölda annarra mæta til minnst þeirra sem látist hafa, minna á að baráttunni er ekki lokið og fagna þeim árangri sem hefur náðst í að bæta lífsgæði fólks með HIV.
- 3.12.14** **Ísland / Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Ólafur Helgi Moberg hljóta hvatningarverðlaun ÖBÍ**
Embla og Ólafur hljóta verðlaun Öryrkjabandalagsins fyrir fræðslustarf og að láta ekki fordóma hindra sig í lífi og starfi. S78 gleðjast með öllum verðlaunahöfum en fagna Emblu og Ólafi sérstaklega enda öflugt liðsfólk í hinsegin hreyfingunni sem sannarlega hefur brotið niður múra.
- 3.12.14** **S78 Ísland / S78 senda inn umsögn um drög að frumvarpi um staðgöngumæðrun**
- 7.12.14** **S78 Ísland / S78, í samvinnu við Q félag, heldur árlegt jólabingó í Stúdentakjallaranum**
Fjáröflunarbingóið er í tilraunaskyni haldið á sunnudagseftirmiðdegi. Fjöldi veglegra vinninga og skemmtiatriði. Góð stemmning skapast en innkoman undir væntingum.

- 7.12.14** **Ísland / RÚV hefur sýningar á sænsku verðlaunabáttunum *Perraðu aldrei tár án hanska***
Þættirnir byggja á bókum Jonas Gardell og hafa hlotið frábæra dóma en þeir segja frá lífi samkynhneigðra manna í Stokkhólmi á 9. áratugnum og baráttu þeirra við alnæmi. Formaður ritar grein um þættina og mælir með að allir horfi.
- 8.12.14** **S78 Ísland / S78 senda inn umsögn um framtíðarskipan lögreglunáms**
Sjá kafla 4.6.3 Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með umsögnum um lagafrumvörp o.fl.
- 13.12.14** **Ísland / Félag hinsegin foreldra og S78 halda barnajólaball í Laugarneskirkju**
- 13.12.14** **Hinsegin kórinn Ísland / Fullt út úr dyrum á vel heppnuðum jólatónleikum**
- 20.12.14** **S78 Ísland / Styrktar jólaball Samtakanna '78 – Queery Christmas**
Samtökin halda vel sótt jólaball á Kiki Queer Bar.
- 29.12.14** **S78 Ísland / Formaður S78 fagnar afnámi blóðgjafabanns í Bandaríkjunum**
Formaður lýsir því yfir við RÚV að S78 fagni breytingunum og vænti þess að íslensk stjórnvöld aflétti fortakslausu banni á blóðgjöfum karla sem stundað hafa kynlíf með körlum í kjölfarið.

Janúar

- 17.1.15** **Ísland / Stella Hauks bráðkvödd á heimili sínu í Vestmannaeyjum**
S78 minnst með virðingu og þakklæti þessarar litríku baráttu- og tónlistarkonu sem um árabíl markaði djúp spor í menningu og félagslíf hinsegin fólks - og fleiri.
- 21.1.15** **S78 Ísland / S78 gagnrýna harðlega skipan Framsóknar í mannréttindaráð Reykjavíkurborgar**
Samtökin senda frá sér yfirlýsingu þar sem skipan Gústafs Adolfs Níelssonar í stöðu varamanns f.h. Framsóknar og flugvallarvina í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar er harðlega mótmælt. Gústaf er annálaður hatursmaður hinsegin fólks.
- 23.1.15** **S78 Ísland / S78 fá grænt ljós á framkvæmdir á Suðurgötu 3 frá byggingarfulltrúa**
Framkvæmdir við endurbætur á nýju húsnæði hefjast að nýju stuttu síðar eftir að hafa legið niðri vegna biðar eftir úttektum og byggingarleyfi síðan haustið 2014.

Febrúar

- 14.2.15** **Amnesty á Íslandi / Stuðningsaðgerð í Smáralind á Valentínusardegi**
Ungliðahreying Amnesty stendur fyrir stuðningsaðgerð í Smáralind til stuðnings rússneska aktivistanum Eleni Klimovu og til að mótmæla mannréttindabrotum rússneskra stjórnvalda. Elena var fundin sek um „áróður til stuðnings ungu hinsegin fólki“ og gert að greiða sekt en hún íhugar að afryja dómnum. S78 hvetja félagsfólk til þátttöku.

Mars

- 9.3.15** **Ísland / Nokkur félög sameinast um umsögn vegna frumvarps til breytinga á mannanafnalögum**
S78, Trans-Ísland, Q-félag hinsegin stúdenta, Intersex Ísland, HIN - Hinsegin Norðurland og Félag ungra jafnréttissinna á Íslandi senda Alþingi umsögn þar sem lýst er yfir stuðningi við frumvarp um breytingar á mannanafnalögum. Einkum er lögð áhersla á afnám sérstakra kvenmanns- og karlmannsafna og bent á að slíkt myndi m.a. gagnast bæði intersex og trans fólki mjög vel.

- 9.3.15** **Ísland / Hinsegin vika hefst í Menntaskólanum í Reykjavík**
MR heldur heila viku sérstaklega tileinkuðu hinsegin fólki og verður skv. áreiðanlegum heimildum fyrsti framhaldsskóli landsins til að gera slíkt.
- 15.3.15** **Hinsegin dagar Ísland / Reykavík Pride – Hinsegin dagar halda aðalfund sinn**
- 17.3.15** **Ísland / S78, Trans Ísland og Intersex Ísland heimsækja allsherjarnefnd Alþingis**
Félögunum er boðið á fund nefndarinnar til að skýra sjónarmið um stuðning við breytingar á mannanafnalögum, sérstaklega er varðar afnám sérstakra kvenmanns- og karlmannsnafna.

1 Inngangur

1.1 Markmið og skipulag skýrslunnar

Skýrsla þessi er nokkuð frábrugðin skýrslum undanfarinna ára og felast breytingarnar einkum í ítarlegri upplýsingum, kaflauppröðun og framsetningu. Markmið þessara breytinga er að:

- bæta upplýsingagjöf til félagsfólks og almennings
- hafa allar helstu upplýsingar um félagið ávallt aðgengilegar á einum stað
- gefa ávallt gott og skýrt yfirlit sem endurspeglar umfangsmikla starfsemi félagsins

Bætt er við yfirliti um helstu viðburði. Þá er bætt við fylgigögnum, s.s. fundargerð aðalfundar fyrra árs og félagslögum eins og þau litu út að loknum síðasta aðalfundi. Þá er skýrslunni fylgt úr hlaði með formála formanns.

1.2 Uppröðun kafla og inntak þeirra

Kaflauppröðun er breytt og er efni skýrslunnar raðað í fjóra meginkafla. Köflunum er raðað á eftir formála formanns og viðburðaannál sem á að gefa grófa mynd af þróun liðins árs. Fyrsti kafli tekur á skipulagi skýrslunnar. Næstu tveir kaflar fjalla um stofnanir og miðlæga þætti, eins og upplýsingar og fjármál, sem eru gegnumgangandi í starfseminni. Fjórði kafli fjallar um afmarkaða starfsemi og þjónustu og er raðað eftir málaflokkum í stafrófsröð:

- **Formáli formanns**
Formálinn er stutt samantekt á innihaldi skýrslunnar, varpar ljósi á stefnu, helstu þætti í starfseminni, þróun félagsins og stöðu hinsegin fólks.
- **Viðburðaannál 2014-2015**
Í annálinum er stiklað á stóru yfir helstu viðburði í starfsemi félagsins og pólitískri og lagalegri þróun hérlendis og erlendis. Annálinn er á engan hátt tæmandi upptalning.
- **Kafli 1 – Inngangur**
Kaflanum er ætlað að varpa ljósi á markmið og skipulag skýrslunnar.
- **Kafli 2 – Almenn t félagsstarf – stofnanir, skipulag og starfsemi**
Kaflanum er ætlað að fjalla fjallar um helstu stofnanir félagsins, skipulag þeirra og virkni innbyrðis. Hér er um að ræða aðalfund, félagsfundi, stjórn, trúnaðarráð, starfshópa og nefndir, hagsmunafélög, tengda hópa og fleira.
- **Kafli 3 – Fjármál, rekstur og upplýsingamál**
Kaflanum er ætlað að varpa ljósi á miðlæga og gegnumgangandi þætti í starfsemi félagsins, s.s. félagatal, starfsemi skrifstofu, starfsmannahald, þjónustuþætti, félagsmiðstöð og upplýsinga- og kynningarmál.
- **Kafli 4 - Verkefni eftir málaflokkum**
Kaflanum er ætlað að varpa ljósi á helstu málaflokka sem unnið er með á vegum félagsins og verkefni tengd þeim. Hér er um að ræða alþjóðamál, félags- og sálfræðiráðgjöf, fjölskyldumál, fræðslustarf og rannsóknir, menningar- og viðburðamál, réttindabaráttu og löggjöf og Ungliðahreyfingu Samtakanna '78.

2 Almennt félagsstarf

2.1 Aðalfundur 2014

Aðalfundur Samtakanna '78 2014 var haldinn laugardaginn 22. mars að Laugavegi 3. Fundarstjóri var Arna Björk Gunnarsdóttir og ritari var Ugly Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir. Anna Pála Sverrisdóttir fráfarandi formaður fór yfir félagsstarfið og Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson gjaldkeri fór yfir fjárreiður og lagði fram ársreikninga síðasta árs sem voru samþykktir. Vilhjálmur lagði því næst fjárhagsáætlun ársins 2014 fram til kynningar.

Ein lagabreytingatillaga um upptöku embættis alþjóðafulltrúa í stjórn fækkun meðstjórnenda úr þremur í tvo. Tillagan rædd og samþykkt með meirihluta atkvæða. Kosið verður samkvæmt henni á aðalfundi 2015. Breytingar á lögum vegna þessa varða greinar 4.1, 4.3, 4.4 og 4.5.

Kosið var um formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Eitt framboð var í hvert embætti og voru því sjálfkjörin: Hilmar Magnússon, formaður; Svandís Anna Sigurðardóttir, varaformaður; Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, gjaldkeri; Kamilla Einarsdóttir, ritari. Kjörið staðfest með lófataki.

Til þriggja meðstjórnenda voru í framboði Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, Einar Valur Einarsson (til vara í trúnaðarráð), Gunnar H. Guðjónsson, Jósep S. Gunnarson (til vara í trúnaðarráð), Óðinn Thor Harðarson (til vara í trúnaðarráð), Sigurður Júlíus Guðmundsson (til vara í trúnaðarráð), Örn Danival Kristjánsson (til vara í trúnaðarráð). Í leynilegri kosningu hlutu Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, Gunnar Helgi Guðjónsson og Örn Danival Kristjánsson kosningu.

Í framboði til trúnaðarráðs voru Andri Sævar Sigríksson, Anna Margrét Grétarsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir, Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Einar Valur Einarsson, Herdís Eiríksdóttir, Jósep S. Gunnarson, Natan Kolbeinsson, Óðinn Thor Harðarson, Sigurður Júlíus Guðmundsson, Sigríður Rósa Snorraddóttir, Sólveig Rós, Sverrir Jónsson, Unnsteinn Jóhannsson og Valgerður Jónsdóttir. Kosningu hlutu Anna Margrét Grétarsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir, Einar Valur Einarsson, Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Óðinn Thor Harðarson, Sigríður Rósa Snorraddóttir, Sigurður Júlíus Guðmundsson, Sverrir Jónsson, Unnsteinn Jóhannsson og Valgerður Jónsdóttir.

Sigurjón Guðmundsson og Svavar G. Jónsson kosnir skoðunarmenn reikninga, án mótframboða.

Undir liðnum *Önnur mál* kynnti Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson áform um flutninga félagsins á nýjan stað, en félagsfólk hafði veitt stjórn umboð á fundi í febrúar. Nokkur umræða um húsnæðismál.

Svandís Anna Sigurðardóttir varaformaður kynnti tillögu stjórnar, í samráði við Þorvald Kristinsson fyrrum formann samtakanna, um að leysa upp bókasafn félagsins og færa það Borgarbókasafni og Námsbraut í kynjafræðum við Háskóla Íslands (til varðveisluslu í Þjóðarbóklöðu Landsbókasafns - Háskólabókasafns) að gjöf. Tillagan einróma samþykkt.

Sigurður Júlíus Guðmundsson fór yfir starf nefndar um mannréttindaviðurkenningu og var ákveðið að fresta frekari ákvörðunum til sérstaks félagsfundar um efnið. Árni Grétar Jóhannsson framkvæmdastjóri kynnti drög að umhverfisstefnu.

Kynnt var tillaga um stofnun nefndar til að endurskoða félagslíf Samtakanna í ljósi mikilla breytinga. Gerð var tillaga um að vísa málinu til stjórnar og var hún samþykkt.

Lögð fram umsókn Hinsegin daga um hagsmunaaðild að Samtökunum '78 f. Einróma samþykkt.

2.2 Félagsfundir

- 26. apríl 2014** **Stefnumót um forréttindi, stefnu og ný heimkynni félagsins**
Haldinn var opinn upplýsinga- og fræðslufundur fyrir félagsfólk um forréttindi, stefnu og starfsemi félagsins og ný heimkynni á Suðurgötu 3. Fundurinn er haldinn í kjölfar árlegs vorfundar stjórnar og trúnaðarráðs S78. Meðal efnis var forréttindafræðsla með Svandísi Önnu Sigurðardóttur og kynning Helga Steinars Helgasonar arkitekts á drögum að hönnun Suðurgötu 3.
- 17. maí 2014** **IDAHO 2014: Skipta hinsegin atkvæðin máli?**
Opinn fundur með frambjóðendum til borgarstjórnar í Reykjavík um málefni hinsegin fólks í tilefni IDAHO - Alþjóðadags gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki.
- 22. maí 2014** **Opinn fræðslufundur um intersex að Laugavegi 3**
Kitty Anderson flutti eftirminnilegt fræðsluerindi fyrir fullu húsi um líf og baráttu intersex fólks.
- 19. nóvember** **Félagsfundur um fjárhagsáætlun, kjörnefnd og húsnæði**
Fundurinn fór fram í húsnæði Íslandsdeildar Amnesty International og sótti hann 21 félagi. Megintilgangur fundar var kynning á fjárhagsáætlun 2015 og kosning kjörnefndar vegna aðalfundar 2015. Farið var yfir starfsemi ársins og það sem framundan var. Sex mánaða fjárhagsuppgjör vegna ársins 2014 og drög að jafnréttis- og umhverfisstefnu kynnt. Eins var farið yfir stöðu framkvæmda á Suðurgötu 3. Ágætis umræður spunnust um félagsstarf og upplýsingar. Í kjörnefnd voru valin Anna K. Kristjánsdóttir, Matthías Matthíasson og Anna Pála Sverrisdóttir.

2.3 Stjórn

Stjórn Samtakanna '78 var þannig skipuð starfsárið 2014-2015 (með breytingum):

- Hilmar Magnússon, formaður
- Svandís Anna Sigurðardóttir, varaformaður
- Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, gjaldkeri
- Kamilla Einarsdóttir, ritari
- Auður Magnús Auðardóttir, meðstjórnandi (frá 29.9.2014)
- Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, meðstjórnandi
- Gunnar Helgi Guðjónsson, meðstjórnandi
- Örn Danival Kristjánsson, meðstjórnandi (til 29.9.2014)

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 22. mars 2014 en í september baðst Örn Danival Kristjánsson undan frekari stjórnarstörfum sökum anna. Skv. gr. 4.5 í lögum félagsins skipaði trúnaðarráð nýjan fulltrúa úr sínum röðum og var það gert á fundi ráðsins þann 17. september 2014. Auður Magnús Auðardóttir var ein í kjöri og því sjálfkjörin til starfans. Hún tók sæti Arnar á stjórnarfundi þann 29. september 2014. Stjórn fundaði formlega 18 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi.

2.4 Trúnaðarráð

Skv. félagslögum Samtakanna '78 skal félagið starfrækja trúnaðarráð félagsmanna og er ítarlega fjallað um það í 5. kafla laganna. Þar segir m.a.:

- 5.1. Trúnaðarráð skal vera samráðsvettvangur Samtakanna '78 og hagsmunafélaga þess. Hlutverk þess skal vera fólgið í því að fjalla um málefni sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Trúnaðarráð skal í samvinnu með stjórn vinna að stefnumótun Samtakanna '78. Stærri ákvarðanir stjórnar um stefnumál, hagsmuni og starfshætti félagsins skulu koma til umfjöllunar á vettvangi trúnaðarráðs áður en þeim er vísað til aðalfundar og félagsfunda.

Trúnaðarráð Samtakanna '78 var þannig skipað starfsárið 2014-2015 (með breytingum):

- Sigurður Júlíus Guðmundsson, formaður
- Unnsteinn Jóhannsson, varaformaður
- Valgerður Jónsdóttir, áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs í stjórn
- Anna Margrét Grétarsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs í stjórn
- Auður Magnús Auðardóttir, fulltrúi (til 29.9.2014)
- Einar Valur Einarsson, fulltrúi
- Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, fulltrúi
- Óðinn Thor Harðarson, fulltrúi
- Sigríður Rósa Snorradóttir, fulltrúi
- Sverrir Jónsson, fulltrúi

Trúnaðarráð var kjörið á aðalfundi 22. mars 2014. Ekki er kosið í embætti á aðalfundi en ráðið skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum 26. mars. Þann 17. september hvarf Auður Magnús Auðardóttir úr trúnaðarráði enda kosin til að taka sæti Arnar Danival Kristjánssonar í stjórn félagsins. Félagslög gera ekki ráð fyrir skipan nýs fulltrúa í trúnaðarráði í stað þess er hverfur á braut og voru því fulltrúar 9 það sem eftir lifði árs. Auk kjörinna fulltrúa höfðu hagsmunafélög Samtakanna rétt til að skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í trúnaðarráði. Hagsmunafélög starfandi á vettvangi Samtakanna '78 starfsárið 2014 til 2015 voru:

- Félag hinsegin foreldra
- Íþróttafélagið Styrmir
- Hinsegin dagar
- Hinsegin kórinn
- Q - Félag hinsegin stúdenta
- Trans-Ísland

Auk þeirra voru *FAS - Félagi aðstandenda hinsegin fólks* og *Ungliðahreyfingu Samtakanna '78* gefin kostur á að skipa sína fulltrúa í ráðið.

Hagsmunafélögin hafa ekki nýtt rétt sinn til að skipa fulltrúa í trúnaðarráðs eins og vonast hefur verið til. Aðeins voru þrjú fulltrúar hagsmunafélaga skipaðir og/eða mættu á fundi. Ásta Ósk Hlökkversdóttir og Sólver Hafsteinn Sólversson fyrir Hinsegin kórinn og Sesselja María Mortensen fyrir Q - Félag hinsegin stúdenta voru meðlimir í Facebook hópi trúnaðarráðs og/eða mættu á fundi ráðsins. Þar að auki skipuðu FAS og Ungliðahreyfingin sína fulltrúa. Rebekka Ýr Helgudóttir sat fundi fyrir FAS og Ungliðarnir skipuðu Huldu Marín Kristinsdóttur og Jón Ágúst Þórunnarson. Agni Freyr Arnarson Kuzminov tók síðar sæti Huldu og María Lóa Ævarsdóttir tók svo síðar sæti

Jóns. Gaman væri að sjá fjölda fulltrúa hagsmunafélaga aukast í framtíðinni. Sjá nánar um hagsmunafélögin undir lið 1.8 *Hagsmunafélög*.

Trúnaðarráð fundaði samtals fjórum sinnum ásamt því að funda með stjórn tvisvar sinnum eins og lög félagsins gera ráð fyrir. Miðað við að fjöldi trúnaðarráðs miðist við kjörna fulltrúa, fulltrúa hagsmunafélaga og fulltrúa FAS og Ungliða var heildarfjöldi fulltrúa trúnaðarráðs 16. Ef miðað er við þann fjölda þá voru þriðji og fjórði fundir trúnaðarráðs ekki löglegir skv. lögum félagsins. Þau gera ráð fyrir að fundir trúnaðarráðs séu löglegir sé helmingur trúnaðarráðs mættur. Þriðji fundur trúnaðarráðs sóttu einungis 5 fulltrúar og á fjórða fundi voru 7 fulltrúar mættir.

Á fundum trúnaðarráðs var fjallað um fjölmörg málefni sem snéru að hinsegin málefnum. Störf stjórnar og trúnaðarráðs, húsnæðismál og flutningar Samtakanna, málefni tvíkynhneigðra og pankynhneigðra, mannréttindaviðurkenning Samtakanna '78, upplýsingaflæði Samtakanna og samskipti stjórnar og trúnaðarráðs o.fl.

Þó að stefna hafi verið mótuð fyrir trúnaðarráð þarf enn mikla vinnu til að sú stefna verði að veruleika. Bæta þarf utanumhald og eflingu trúnaðarráðs og auka skilning hagsmunafélaganna á tilgangi trúnaðarráðs svo að þau sjái ástæðu til að skipa fulltrúa sína og nýta sér þann vettvang sem trúnaðarráð á að vera fyrir hagsmunafélögin og Samtökin.

2.5 Sameiginlegir stjórnar- og trúnaðarráðsfundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir lögbundnir sameiginlegir stjórnar- og trúnaðarráðsfundir, að vori og hausti. Fyrri fundurinn var haldinn 26. apríl og var hann helgaður skipulagi félagsstarfsins. Síðari fundurinn var haldinn 18. október í húsnæði Hjallastefnunnar í Garðabæ og var hann helgaður miðlun upplýsinga frá ársþingi ILGA Europe í Riga, dagskrá félagsins og hópefli. Formaður fór yfir lærdóma úr vinnustofum um fjáraflanir á ársþingi ILGA Europe og varaformaður fór yfir miðlun boðskapar og vinnu með gildi í félagsstarfinu.

2.6 Félagslegir skoðunarmenn reikninga

Sigurjón Guðmundsson og Svavar Gunnar Jónsson gegndu hlutverkum félagslegra skoðunarmanna reikninga starfsárið 2014 til 2015.

2.7 Starfshópar og nefndir

Nokkrar nefndir/starfshópar hafa starfað á vegum félagsins á árinu. Starfshópar og nefndir eru misvirk frá einum tíma til annars. Sumir eru skipaðir um ákveðin tímabundin verkefni á meðan aðrir eru varanlegri. Á fyrri sameiginlegum fundi stjórnar og trúnaðarráðs var farið yfir verkefni félagsins og þá starfshópa og nefndir sem þeim sinna. Á síðari hluta starfsársins hófst stjórn svo handa við að skilgreina betur verkefni starfshópa og nefnda, tengja betur stjórninni og bæta upplýsingaflæði. Var þar um að ræða starf faghóps um félags- og sálfræðiráðgjöf, starfshóp um ungliðastarf og starfshóp um fræðslustarf. Það er engin tilviljun að þessir hópar hafi orðið fyrir valinu, enda sú þjónusta sem þeir sinna löngum verið talin til hornsteina í starfseminni og í forgangi þegar kemur að því að tryggja starfseminni nauðsynlegt fjármagn.

Starfshópar og nefndir geta verið gríðarlega mikilvægir í starfsemi frjálsra félagasamtaka og oft er það innan slíkra hópa sem meginþungi vinnunar fer fram. Starfshópar eru iðulega stofnaðir í kringum afmörkuð verkefni og/eða málefni og því hægt að hafa fókusinn tiltölulega afmarkaðan og skýran. Þetta, ásamt góðum hópi viljugra sjálfbóðaliða getur skipt sköpum fyrir starfsemina.

Mikilvægt er að halda áfram að þróa stofnanastrúktur félagsins og stefnu um hópana - í beinu sambandi við meginstefnu, markmið og þá þjónustu sem félagið veitir. Skýra þarf skipulag félagsins betur, skilgreina betur starf hópanna m.t.t. til verkefna og þjónustubátta, opna þá upp fyrir félagsfólki sem hefur áhuga á að sinna viðkomandi málefni, og tryggja betur stöðugt upplýsingaflæði milli hópanna, stjórnar og trúnaðarráðs og starfsfólks félagsins. Ýta þarf undir sjálfstæða og skapandi hugsun og vinnubrögð í starfi starfshópa og fela þeim aukið vægi í stefnumótun viðkomandi málaflokks - þó þannig að starfað sé í nánú samráði við stjórn félagsins - sem á endanum tekur ábyrgð á öllum ákvörðunum þess.

Starfshóparnir hafa með sér sameiginleg vinnusvæði á samfélagsvefnum Facebook, enda vel flest félagsfólk virkt á miðlinum og því þægilegt að skipuleggja starfið með þeim hætti. Fyrirkomulagið sparar tíma en eftir sem áður er æskilegt að fólk hittist í eigin persónu til að þetta raðirnar njóta félagsskapar. Eftirfarandi starfshópar og nefndir voru starfandi starfsárið 2014-2015:

2.7.1 Almennt félagsstarf: Sjálfboðaliðar S78

Opinn alhliða hópur fyrir alla þá sem vilja leggja hönd á plóg í starfsemi S78. Hópurinn var stofnaður haustið 2014 vegna framkvæmda á Suðurgötu.

2.7.2 Almennt félagsstarf: S78 & BDSM á Íslandi – samstarfshópur stjórna

Hópurinn var stofnaður í mars 2015 eftir að BDSM á Íslandi leitaði til S78 um samstarf og mögulega hagsmunaaðild. Hópnum er ætlað að vera samstarfsvettvangur fyrir fræðslu og vitundarvakningu um BDSM málefni.

2.7.3 Almennt félagsstarf: S78 LGBT Foreigners in Iceland

Á haustmánuðum 2011 kom þáverandi formaður S'78 ásamt Ahmad Ba'ara á fót Facebook-hópi fyrir hinsegin útlendinga: S'78 - LGBT foreigners in Iceland – Hinsegin útlendingar á Íslandi. Markmið hópsins er að auðvelda hinsegin útlendingum að tengjast innbyrðis og við aðra, hittast og ræða málin, og vera ákveðin brú inn í hinsegin samfélagið á Íslandi. Hópurinn hefur hist á kaffihúsum þar sem málin eru rædd. Vonir standa til þess að styrkja frekar þessa starfsemi í nýju húsnæði Samtakanna '78.

2.7.4 Almennt félagsstarf: S78 Stjórnarspjall

Hópurinn er vettvangur núverandi og fyrrum stjórnarmeðlima í Samtökunum '78. Tilgangur hópsins er að vera reynslu- og þekkingarbanki, eins konar sjóður sem stjórnarfolk í Samtökunum getur gengið í í störfum sínum. Hópurinn er einungis hugsaður sem umræðu- og spjallvettvangur, er skuldbindingalaus gagnvart notendum og gegnir engu formlegu hlutverki innan S78.

2.7.5 Almennt félagsstarf: Ungliðahreyfing

Veturinn 2015 var komið upp samskiptahópi stjórnar S78, stjórnar Ungliðahreyfingar og umsjónarfólks ungliðastarfsins á Facebook. Eins hittust stjórn S78 og umsjónarfólk og formaður heimsótti ungliða til að kynna sér starfið. Markmiðið með samskiptahópnum er að tryggja skýrar boðleiðir og upplýsingaflæði til eflingar og mótunar ungliðastarfsins. Ungliðar og umsjónarfólk hafa eftir sem áður sinn eigin samskiptavettvang á netinu, óháð stjórn S78. Sjá nánar um Ungliðahreyfingu undir kafla 4.7.

2.7.6 Alþjóðamál: Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd hóf störf á vormánuðum 2013 en þar er samankominn fag- og áhugafólk um alþjóðamál sem er stjórn til ráðgjafar og stuðnings. Nefndin hefur verið lítið virk sökum anna félaga og breytinga í stjórn. Meginþunginn í starfinu hefur verið á herðum

stjórnar en Evrópumálin eru enn að mestu á könnu formanns, sem er fyrrum alþjóðafulltrúi. Þá hefur Aldís Þorgbjörg Ólafsdóttir meðstjórnandi tekið að sé verkefni sem munu í framtíðinni heyra undir alþjóðafulltrúa í stjórn. Eins hefur samstarfi við Úganda verið stýrt af sérstakri Verkefnisstjórn um Úgandaverkefni. Með nýju föstu embætti alþjóðafulltrúa í stjórn frá og með aðalfundi 2015 er stefnt að því að fulltrúinn muni taka meginábyrgð á alþjóðamálum og hafi yfirsýn yfir málaflokkinn – sem vonandi skilar sér í meiri og markvissari virkni alþjóðanefndar. Endurskoðun á hlutverki og vægi nefndarinnar, eins og annarra starfshópa og nefnda, bíður nýrrar stjórnar félagsins.

2.7.7 Alþjóðamál: Iceland/Uganda – LGBTQ Cooperation

Samstarfshópur S78 og FARUG í Úganda. Hópurinn var stofnaður 2013.

2.7.8 Alþjóðamál: Members of Nordic LGBTIA/Queer Organisations

Samnorrænn hópur fólks í stjórnnum hinsegin félaga. Stofnaður eftir ársþing ILGA Europe í Riga í Lettlandi í október 2014. Hópnun er ætlað að vera þekkingar- og reynslumiðlun.

2.7.9 Alþjóðamál: NALGBT – North Atlantic LGBT

Hópur um samstarf hinsegin fólks á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Stofnaður 2014. Hópurinn er lítið virkur en nú eru uppi þreifingar um að sækja styrki til frekara samstarfs.

2.7.10 Alþjóðamál: Verkefnisstjórn Úgandaverkefnis

Hópurinn er skipaður áhugafólki um samstarf við FARUG í Úganda og heldur utan um verkefni félaganna f.h. Samtakanna '78.

2.7.11 Félags- og sálfræðiráðgjöf: Ráðgjöf

Starfandi er lokaður vettvangur á Facebook fyrir ráðgjafahóp félagsins þar sem þeir geta rætt starfið og verið í beinu sambandi við stjórn, sem einnig hefur aðgang að hópnun. Hópurinn er lokaður þar sem um faglegt og viðkvæmt starf er að ræða. Hins vegar er félögum velkomið að leggja hópnun til góðar hugmyndir og bjóða fram krafta í formi fagþekkingar. Hópurinn tekur afstöðu til hugmynda og, ef svo ber undir, hvort hann telji æskilegt að bæta fleirum ráðgjöfum við. Endurskoðun á hlutverki og vægi hópsins, eins og annarra starfshópa og nefnda, bíður nýrrar stjórnar félagsins. Þó verður að nefna að ákveðin vinna hefur þegar farið fram og ákveðið að að hópurinn muni verða helsti vettvangur til mótunar ráðgjafarstarfsins.

2.7.12 Fjölskyldumál: Starfshópur um ættleiðingar hinsegin fólks

Opinn hópur skipaður áhugafólki um ættleiðingar hinsegin fólks. Hópurinn vann áfram að málefnum er varða ættleiðingar hinsegin fólks árið 2014.

2.7.13 Fræðsla og rannsóknir: Fræðslunefnd

Í kjölfar félagsfundar í október 2013 var skipuð fræðslunefnd, skipuð áhuga- og fagfólki, um fræðslumálefni í sinni víðustu mynd. Nefndin var hugsuð sem bakland fyrir fræðslustýru um hugmyndir og ráðgjöf. Nefndin starfar óformlega á Facebook en virkinn hefur verið lítil. Nefndina má efla og virkja betur til þess að hafa yfirsýn og vera stefnumótandi afl í fræðslumálunum. Endurskoðun á hlutverki og vægi nefndarinnar, eins og annarra starfshópa og nefnda, bíður nýrrar stjórnar félagsins.

2.7.14 Fræðsla og rannsóknir: Jafningjafræðsla Samtakanna '78

Hópur um skipulag og framkvæmd jafningjafræðslu í fræðslustarfi S78. Hópurinn er mjög virkur og umræður snúa aðallega að skipulagi fræðslustarfsins.

2.7.15 Húsnæðismál: Regnbogasalur

Hópur um skipulag og starfsemi í Regnbogasal S78. Hópurinn hefur ekki verið virkur eftir lokun húsnæðis S78 á Laugavegi.

2.7.16 Húsnæðismál: VUMS - Verkefnisstjórn um málefni Suðurgötunnar (Húsnæðisnefnd)

Árið 2014 var viðburðaríkt í húsnæðismálum Samtakana '78. Eftir að hafa fengið umboð á aðalfundi 2014 gekk VUMS, ásamt stjórn S'78, í það verk að ganga frá kaupum á Suðurgötu 3 og sölu á Laugavegi 3. Í nefndinni sátu áfram Árni Grétar Jóhannson, framkvæmdastjóri, og Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, gjaldkeri og verkefnastjóri VUMS. Þegar kaupin á Suðurgötu 3 voru frágengin breyttist verksvið nefndarinnar úr húsnæðisleit og sölu, yfir í umsjón með endurbótum á Suðurgötu 3. Fékk nefndin í lið við sig Helga Steinar Helgason, arkitekt, Ástu Ósk Hlöðversdóttur, úr trúnaðarráði S'78, Hilmar Hildarson Magnússon, formann S'78, Fríðu Agnarsdóttur, Gunnar Helga Guðjónsson, meðsjórnannda, og Svandísi Önnu Sigurðardóttur, varaformann. Sá Helgi Steinar alfarið um hönnun húsnæðisins í góðu samstarfi við nefndina.

2.7.17 Menning og viðburðir: Samtökin 78 í gleðigöngunni 2014

Opinn vinnuhópur fyrir alla áhugasama vegna atriðis S78 í gleðigöngu Hinsegin daga 2014. Mögulegt er að endurnýta hópinn fyrir næstu gleðigöngu.

2.7.18 Upplýsinga- og kynningarmál: Bókasafnshópur

Bókasafnshópur starfaði framan af ári, eins og undanfarin ár. Sjá kafla 4.5.1 um bókasafn.

2.8 Hagsmunafélög

Greinar 2.4, 2.5, 5.1 og 5.2 í félagslögum Samtakanna '78 kveða á um rétt félaga tengdum hagsmunum samtakanna til að óska eftir því að tengjast félaginu og hafa áhrif á starf þess. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að efla hinsegin samfélagið með því að auka samráð og samhæfingu og skapa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti um málefni hinsegin fólks í víðara samhengi. Greinarnar eru eftirfarandi:

- 2.4. Félög tengd hagsmunum Samtakanna '78 geta óskað eftir því að tengjast félaginu. Stjórninni er skylt að leggja slíka umsókn fyrir aðalfund og geta hennar í fundarboði. Til samþykktar á slíkri aðild þarf einfaldan meirihluta atkvæða á aðalfundi. Hagsmunafélög skulu hafa eigin kennitölu, sjálfstæðan fjárhag og koma fram opinberlega í eigin nafni en ekki nafni Samtakanna '78.
- 2.5. Samþykkt hagsmunafélög eiga í sínu nafni rétt á tveimur fulltrúum með málfrelsi og tillögurétt á trúnaðaráðsfundum, enda séu þeirra talsmenn fullgildir félagar í Samtökunum '78.
- 5.1. Trúnaðarráð skal vera samráðsvettvangur Samtakanna '78 og hagsmunafélaga þess. Hlutverk þess skal vera fólgið í því að fjalla um málefni sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Trúnaðarráð skal í samvinnu með stjórn vinna að stefnumótun Samtakanna '78. Stærri ákvarðanir stjórnar um stefnumál, hagsmuni og starfshætti félagsins skulu koma til umfjöllunar á vettvangi trúnaðarráðs áður en þeim er vísað til aðalfundar og félagsfunda
- 5.2. Aðalfundur kýs árlega tíu manns í trúnaðarráð. Að auki hafa hagsmunafélög, sbr. 2.4, rétt til að skipa 2 fulltrúa í trúnaðarráð til eins árs í senn, með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt enda séu þeirra fulltrúar fullgildir félagar í Samtökunum '78. Þeir fulltrúar hafa ekki kjörgengi til embætta innan trúnaðarráðs.

Hagsmunafélög starfandi á vettvangi Samtakanna '78 starfsárið 2014 til 2015 voru eftirfarandi:

2.8.1 Félag hinsegin foreldra

Tilgangur félags hinsegin foreldra er að leggja grunn að skemmtilegu félagsstarfi þar sem hinsegin foreldrar og börn þeirra geta átt góðar og uppbyggilegar stundir og fengið stuðning hvert frá öðru. Félagið stendur fyrir talsverðum fjölda atburða, þar sem hæst vorferð, útilegu, þátttöku í Hinsegin dögum með fjölskyldudegi úti í Viðey og jólaball sem hefur verið vel heppnað og sótt undanfarin ár. Nánar á www.facebook.com/felag.foreldra

2.8.2 Íþróttfélagið Styrmir

Markmið félagsins frá stofnun þess árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmyndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileikinn þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmóttinu 2012 í Reykjavík en félagið sá um skipulag þess og framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSÍ og sívaxandi samstarf er milli Styrmis og Íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Styrmir stendur fyrir reglulegum æfingum í ýmsum íþróttagreinum. Nánar á: www.facebook.com/styrmir.sport

2.8.3 Hinsegin dagar - Reykjavík Pride

Markmið Hinsegin daga er að halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar Pride hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær. Félagsaðild er opin öllum sem vilja styðja félagið og vinna að markmiðum þess, einstaklingum og samtökum. Nánar á www.reykjavikpride.com og www.facebook.com/reykjavikpride

2.8.4 Hinsegin kórinn

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opin að undangengnum raddprófum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Hinsegin kórinn leggur áherslu á fjölbreytt lagaval og líflega framkomu, en frá stofnun hefur kórinn haldið fjölda sjálfstæðra tónleika og komið fram á ýmsum viðburðum. Þar má nefna opunarhátíðir Hinsegin daga í Reykjavík og Faroe Pride í Þórshöfn í Færeyjum auk þess að koma fram í afmælum, á vinnustaðaskemmtunum og víðar. Í júní 2014 tók kórinn þátt í Various Voices, alþjóðlegu kóramóti hinsegin kóra í Dublin á Írlandi, en kórinn hefur sett sér það viðmið að syngja utan landssteinanna annað hvert ár.

Stjórnandi kórsins er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Gunnlaugur Bragi Björnsson. Nánar á: www.hinseginkorinn.is og www.facebook.com/hinseginkorinn

2.8.5 Q – félag hinsegin stúdenta

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks hér á landi. Félagið hefur að mestu haft aðsetur hjá Samtökunum '78 undanfarin ár, haldið þar fundi og viðburði og haft geymsluaðstöðu.

Markmið félagsins eru: að gefa hinsegin (LGBTQIA+) stúdentum tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra; vera sýnilegt afl innan Háskólans og í forsvari þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma; beita sér í réttindabaráttu hinsegin fólks innan og utan háskóla; stuðla að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknum um málefnið innan sem flestra deilda háskóla.

Hvort sem þú ert hinsegin eða ert óörugg(ur) með kynhneigð og/eða kynvitund þína þá er Q fyrir þig. Félagið er fyrir alla þá sem láta sér málefni hinsegin fólks varða. Fólk sem er að stíga sín fyrstu skref, er komið út úr skápnunum eða langar að vita meira ættu endilega að hafa samband og taka þátt í starfi félagsins. Félaginu er ætlað að vera óþvingaður vettvangur til að hitta og kynnast fólki á sama reki.

Hópurinn eru stúdentar og ungt fólk sem hittast reglulega og spjalla saman um daginn og veginn. Auk þess stendur Q fyrir öðrum uppákomum til að auka fjölbreytnina, t.d. helgarferðir, bjórkvöld, málstofur og bíósýningar. Fólk er hvatt til að láta sjá sig á fundunum. Við tökum vel á móti öllum. Nánar á: <https://hinsegin.wordpress.com/> og www.facebook.com/Qfelag

2.8.6 Trans Ísland

Félagið Trans-Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað sem stuðnings og baráttu samtök trans fólks og aðstandendur þess á Íslandi og hefur ötullega beitt sér fyrir bættri stöðu trans fólks hérlendis. Trans-Ísland hefur átt virkan þátt í að bæta hag trans fólks hérlendis og hefur beitt sér fyrir bættri félagslegri og lagalegri stöðu þess. Félagið er einnig hugsað sem stuðningssamtök fyrir trans fólk og heldur vel utan um sitt fólk og veitir þeim fræðslu. Af miklu er að taka í þessum málaflokki og beitir félagið sér fyrir bættri heilbrigðisþjónustu, fræðslu, lagabreytingum og almennt bættum hag trans fólks hérlendis.

Trans-Ísland, sem starfar undir regnhlíf Samtakanna '78, hefur komið saman fyrsta miðvikudag í mánuði í húsnaði samtakanna en heldur að auki aðra viðburði annað slagið. Nánar á: www.trans.samtokin78.is og facebook.com/transisland

2.9 Tengdir hópar og félög

Ýmsir aðrir hópar og félög hafa starfað og starfa enn innan hinsegin samfélagsins með það að markmiði að berjast fyrir réttindum, styðja við hinsegin fólk og aðstandendur, veita félagsskap og skemmtun, hlúa að menningu og fræða. Sum eiga sér lengri sögu en önnur, sum eru í lægð og önnur í vexti. Tengsl þeirra við Samtökin eru með misjöfnum hætti en öll eiga þau sameiginlegt að hafa reynst hinsegin fólki og aðstandendum þess stoð og stytta í baráttu sinni fyrir lífshamingju. Listinn er ekki endilega tæmandi.

2.9.1 AA-deild

AA-deild samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kom saman í Regnbogasal hvert þriðjudagskvöld frá 1987–2009. Deildin á sér lengra og samfelldara líf en nokkur annar hópur á vettvangi Samtakanna. Starfið er í dag að öllu leyti óháð starfi Samtakanna '78. AA-deild samkynhneigðra hittist á sunnudögum kl. 13.00 í Gula húsinu í Tjarnargötu 20. Vonandi liggur leiðin aftur í Regnbogasalinn á þriðjudögum í nánustu framtíð.

2.9.2 FAS – Félag foreldra og aðstandenda

Samtökin '78 og FAS áttu um langt skeið í farsælu samstarfi en starfsemin fékk m.a. styrki til fræðslu úr þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Starfsemi félagsins félagsins hefur að mestu legið niðri undanfarin ár en vonir hafa staðið til þess að blása mætti lífi í starfsemina á ný.

2.9.3 HIN – Hinsegin Norðurland

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækkandi. HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi og hafa það markmið að færa út kvíarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land. Fundir fara fram í Húsinu í Rósenborg á Akureyri þriðjudaga kl. 19:30 og eru allir velkomnir í fordómalaust umhverfi. Félagið er einnig með facebook-síðu undir nafninu HIN-Hinsegin Norðurland þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólki um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman. Fyrirspurnir og frekari upplýsingar veitir Inga Lís Sveinsdóttir formaður, ingalisas@gmail.com eða í síma 868-6733.

2.9.4 HLDI

Samtök heyrnarlausra lesbía og homma, H.L.D.I voru stofnuð 13. ágúst 1994 og er sjálfstæður félagsskapur með það að markmiði að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra og tvíkynhneigða heyrnarlausra. Samtökin leitast við að halda uppi félagslífi fyrir hópinn að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa því að samtökin njóta engra tekna og innheimta ekki félagsgjöld. Meðlimir í samtökunum hittast einu sinni í mánuði á veturnar og gera eitthvað skemmtilegt saman, svo sem borða saman í hádeginu, sumarbústaðarferð einu sinni á ári og margt fleira skemmtilegt.

2.10 Ýmis félög og fyrirtæki tengd hinsegin viðburðum og menningu

Félögin eru af ýmsum toga en eiga það öll sameiginlegt að skapa hinsegin fólki vettvang til félagskapar og skemmtunar. Þau eru virkur þáttur í hinsegin samfélaginu, auðga menninguna og hleypa lit í lífið. Tengsl þeirra við Samtökin eru með ýmsu móti en þau hafa ýmist stutt Samtökin, notið stuðnings þeirra og/eða átt í góðu samstarfi við þau. Listinn er ekki endilega tæmandi.

2.10.1 DOB Iceland

Dykes on Bikes® Iceland er klúbbur lesbískra kvenna með próf á stór mótörhjól. Frá upphafi hafa lesbíur á mótörhjólum leitt gleðigönguna niður Laugavegin á Hinsegin dögum eins og tíðkast í Gay Pride göngum um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í ágúst 2009 sem þær loksins stofnuðu með sér klúbb og sóttu um inngöngu í alþjóðlegu mótörhjólasmótökin Dykes on Bikes®. Alþjóðleg skilyrði fyrir inngöngu eru þau að viðkomandi sé með próf á stórt mótörhjól og sé yfirlýst lesbía, s.s Dyke on Bike.

2.10.2 KMK – Konur með Konum

KMK, skemmtifélag er félagskapur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kvenna. Markmið félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem höfðar til kvenna á öllum aldri og eru um 300 konur á póstlista félagsins. Af viðburðum má nefna hina árlegu Góugleði, sumarútilegu, kvennakvöld, golfmót, jólabókakvöld o.fl. Í fjölda ára hefur blaklið æft og keppt í nafni KMK.

2.10.3 Bears on Ice

Bears on Ice er félagskapur rekinn án hagnaðarsjónarmiða og miðar að því að auka fjölbreytileika íslensku gay senunnar og fanga nýjustu strauma í tónlist og skemmtun. Þol leitast við að skipta við fyrirtæki sem eru „gay-owned or operated“. Bears on Ice hafa stutt Samtökin '78 dyggilega í gegnum árin og veita félögum afslætti á viðburði. Af þeim ber hæst alþjóðlegu hátíðina sem hefur verið haldin í september ár hvert frá 2005 og er meðal þriggja stærstu hinsegin hátíða á Íslandi. Nánar á: www.bearsonice.org

2.11.4 Kiki Queer Bar

Kiki Queer Bar er hinsegin skemmtistaður á hýrasta horninu í Reykjavík, Laugavegi 22, en húsið á sér langa sögu sem einskonar annað heimili hinsegin fólks. Kiki býður upp á góða tónlist, skemmtun og vinalegt andrúmsloft og er opið um helgar en býður einnig upp á einkasamkvæmi og viðburði af ýmsu tagi. Kiki hefur stutt Samtökin og átt í góðu samstarfi við þau um ýmsa viðburði og annað í gegnum tíðina. Nánar á: www.kiki.is

2.10.5 Pink Iceland

Pink Iceland sérhæfir sig í skipulagningu ferða, afþreyingar, viðburða og brúðkaupa fyrir hinsegin ferðamenn. Pink Iceland býður upp á sérsniðnar „hinsegin ferðir“ þar sem er lagt upp með fordómalaust viðmót í samstarfi við útvalda aðila sem geta uppfyllt kröfur fyrirtækisins. Fyrirtækið tekur að sér skipulagningu brúðkaupa, brúðkaupsferða og öllu því sem því tilheyrir. Pink Iceland sér um skipulagningu Rainbow Reykjavík, sem er árleg hinsegin vetrarhátíð. Pink Iceland vann til Nýsköpunarverðlauna SAF árið 2012 og er stoltur aðili að IGLTA (International Gay and Lesbian Travel Association).

2.10.6 Draggkeppi Íslands

Draggkeppi Íslands fer fram árlega í Hörpu. Dragg er trúlega eitt elsta form leiklistar sem þekktist í heiminum og er sprottið upp frá þeim tímum er konum var meinaður aðgangur að því að koma fram á sviði í leiksýningum, sem gerði það að verkum að öll hlutverk kvenna í leikritum voru leikin af karlmönnum. Nú í dag keppast konur og karlar um að verða kóngur og drottning Íslands ár hvert.

3 Fjármál, rekstur og upplýsingamál

3.1 Fjármál

Stjórn hefur beitt virku aðhaldi í rekstri og sýnt íhaldssemi við fjárútlát. Aðhaldssemi getur reynst erfið og óvinsæl en er bráðnauðsynleg ef reka á félagið með sem sjálfbærustum hætti. Góður grunnur hefur verið lagður fyrir framtíðina með húsnæðisskiptum sem gerir félagið skuldlaust í eigin húsnæði. Brýnt er að halda áfram á sömu braut og sýna ítrustu aðgát við reksturinn.

3.2 Rekstrartekjur og gjöld

Rekstrartekjur félagsins tóku mikið stökk á milli ára. Námu þær 26.635.431 kr. árið 2014 en voru 13.312.753 kr. árið áður. Þetta mikla stökk útskýrist af tekjum vegna sölu félagsins á Laugavegi 3, ásamt styrk Þróunarsamvinnustofnunar vegna samstarfsverkefnis félagsins við systursamtök í Úganda. Styrkur vegna Úgandaverkefnisins eru ekki tekjur félagsins og hafa aðeins stutta viðveru á reikningum þess. Hvað varðar söluhagnað af fasteignum má búast við að stór hluti fjármunanna fari í endurbætur á Suðurgötu 3 og uppgreiðslu lána. Rekstrargjöld ársins voru 14.633.150 kr samanborið við 10.989.271 kr árið 2013. Hækkunin er að mestu vegna kostnaðar við fyrrgreint Úgandaverkefni, ásamt kostnaði vegna framkvæmda við nýtt húsnæði.

3.3 Eignir, eigið fé og skuldir

Virði húsnæði félagsins að Suðurgötu 3 í Reykjavík er 34.000.000 kr. Húseignin er einu varanlegu fastafjármunir félagsins. Veltufjármunir félagsins í árslok 2014 voru 13.477.832 kr og hækkuðu því frá fyrra ári um 11.610.967 kr en þar munar mestu um auknar inneignir á reikningum sem stafa af söluhagnað af Laugavegi 3 og Úganda verkefninu. Áhvílandi húsnæðisskuldir (langtímaskuldir) um áramót voru 11.605.316 kr. Félagið er þó laust við þessar skuldir frá og með aðalfundi félagsins 2015. Skammtímaskuldir stóðu um áramót í 776.558 kr. samanborið við 314.377 kr. árið 2013. Þar munar helst um skuldir við verktaka um áramót. Eignir í lok árs 2014 voru 47.477.832 kr. samanborið við 27.446.865 kr í lok árs 2013. Þar munar mestu um auknar viðskiptakröfur og inneignir á reikningum.

3.4 Styrkir og þjónustusamningar

Undanfarin ár hafa Samtökin '78 ekki verið a fjárlögum en notið styrkja frá ríkinu, nánar tiltekið Velferðarráðuneytinu. Árið 2014 var styrkurinn tvískiptur, annars vegar styrkur til rekstrar félagsins upp á 4.000.000 kr. og hins vegar styrkur til verkefnisins „Stattu með” upp á 2.000.000 kr., samtals 6.000.000 kr. Heildarstyrkur á milli ára hefur því hækkað en áhyggjuefni er sú stefna ráðuneytisins að hafa styrki verkefnabundna fremur en til rekstrar, en það veldur mikilli óvissu í rekstri félagasamtaka. Ekki hefur borist staðfesting á styrkúthlutun ríkisins fyrir árið 2015. Það er forgangsverkefni hjá félaginu að koma þessum málum í fastara horf, hvort sem er með fjárframlögum á fjárlögum, þjónustusamningi eða með öðrum leiðum.

Þjónustusamningur félagsins við Reykjavíkurborg frá árinu 2012 var á sínu síðasta ári en hann fól í sér kaup borgarinnar á þjónustu af félaginu fyrir 2.500.000 kr. árið 2014. Samtökin '78 hafa staðið í viðræðum við Reykjavíkurborg um endurnýjun samningsins og bíða niðurstöðu.

Aðrir styrkir til félagsins og sala á þjónustu eru óveruleg.

3.5 Skrifstofa og starfsfólk

Árni Grétar Jóhannsson hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Samtakanna í 50% starfi á starfsárinu. Enn hefur ekki tekist að hækka starfshlutfall framkvæmdastjóra vegna fjárhagsstöðu félagsins. Drjúgum hluta hefðbundinna starfa framkvæmdastjóra hefur verið sinnt af stjórnarmeðlimum í sjálfböðastarfi til að halda félaginu gangandi en það hefur sýnt sig að starfsemin er umfangsmeiri en svo að það geti gengið til lengdar að hafa framkvæmdastjóra í aðeins hálfu starfi. Verkefni sem framkvæmdastjóri sinnir lúta að daglegum rekstri þjónustu- og félagsmiðstöðvar og þjónustu við félagsmenn, fræðslumálum í samvinnu við fræðslufulltrúa og ráðgjafa, fjármálastjórn, innheimtu og fjáröflun í samvinnu við gjaldkera, sem og almennu markaðs- og kynningarstarfi.

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir gegndi starfi fræðslustýru í hálfu starfi árið 2014 og hélt utan um fræðslustarfsemi félagsins en hún hefur starfað síðan haustið 2012. Ugla sinnti líka utanumhaldi um ungliðastarf en hefur nú látið af þeim störfum.

Stjórn telur mjög brýnt að endurskoða starfsmannahald samhliða leiðum til fjármögnunar félagsins. Efla þarf mjög þennan þátt í starfseminni með það að markmiði að tryggja sjálfbærni og samfellu í rekstrinum, auka yfirsýn, frumkvæði og drifkraft og létta álagi af sjálfböðaliðum.

Starfsfólk og stjórn félagsins hafa notið þess að með þeim hafa starfað öflugir sjálfböðaliðar sem hafa verið boðnir og búnir að taka að sér fjölda verkefna, þá ekki síst er varða kjarnastarfsemi á borð við fræðslu- og ungliðastarf. Þetta starf er krefjandi og útheimtir bæði orku og tíma. Það er brýnt að koma málum þannig fyrir að hægt verði að umbuna betur fyrir þessi störf – og flytja þungann og ábyrgðina í meira mæli yfir á herðar launaðs starfsfólks.

3.6 Húsnæðismál

Líkt og greint var frá á aðalfundi 2014, stjórn umboð til þess að ganga frá kaupum á nýju húsnæði að Suðurgötu 3 í Reykjavík, ásamt því að selja húsnæði Samtakana að Laugavegi 3. Söluandvirði Laugavegar 3 var 52.000.000 kr en kaupverð Suðurgötu 3, 34.000.000 kr. Fyrir mismun á sölu- og kaupverði hafa skuldir félagsins verið greiddar niður að fullu. Einnig fer hluti fjármunanna í að gera Suðurgötuna upp og laga hana sem best að starfsemi félagsins. Fengu samtökin húsnæðið að Suðurgötu 3 afhent þann 1. júlí, en Hinsegin dagar í Reykjavík sáu um að vígja húsnæðið með Kaupfélagi Hinsegin daga sem var þar til húsa. Þann 1. september skiluðu samtökin Laugvegi 3 af sér. Eftir dvöl Hinsegin daga á Suðurgötu 3 hófust framkvæmdir eða um miðjan ágúst mánuð og standa enn við upphaf aðalfundar, þann 21. mars 2015.

3.7 Félags- og sálfræðiráðgjöf

Hjá Samtökunum '78 er starfandi teymi fimm sérfræðinga sem sjá um félags- og sálfræðiráðgjöf félagsins. Sjá nánar kafla 4.2.3 Ráðgjafateymi (bls. 39) og kafla 4.2. Þóknun ráðgjafa - þörf á hækkun rædd við gerð þjónustusamnings (bls. 42).

3.8 Félagsmiðstöð

Sjá undir kafla 4.5.2 Starfsemi í Regnbogasal félagsmiðstöðvar

3.9 Félagatal

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu 2014 voru 455 og fjölgar þeim um 18 og er það ánægjulegt því að það er hlutfallslega meira en fjölgun félagsmanna sem var 29 manns, úr 1044 árið 2013 í 1073 árið 2014. Árið 2013 greiddu 437 félagsgjöldin og árið 2012 greiddu 449. Heildarfjöldi félaga á skrá í lok árs 2014 var 1073 og því er stöðugt að bætast í félagið. Það er þó einungis 42% félagsmanna sem greiða félagsgjöldin og er það miður. Félagatala í öllum landshlutum stóð í stað eða fór upp á við.

Félagsgjöldin hafa verið óbreytt frá árinu 2012 eða sem hér segir: Almenn félagsgjald kr. 4900, 2.500 krónur fyrir líffeyrisþega og fólk 24 ára og yngra, og 1.500 fyrir ungliða 19 ára og yngri. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda ársins 2015 hafa verið sendir út.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2014 nam kr. 2.068.900.

Hlutfall greiðandi félagsfólks fer hækkandi með hækkandi aldri, nema í aldursbilinu 61 árs og eldri, þar lækkar hlutfallið örlítið aftur.

3.10 Upplýsinga- og kynningarmál

3.10.1 Ný upplýsingastefna í samhengi við nýtt skipulag starfseminnar

Samtökin '78 halda úti vefsíðu sinni samtokin78.is ásamt samfélagsmiðlum á borð við Facebook síðuna facebook.com/samtokin78 og Twitter síðuna twitter.com/samtokin78. Þar að auki lifir Facebook síða Hýraugans enn ágætu lífi þrátt fyrir að vera aðeins efnisveita fyrir vefsíðu Samtakanna. Þá nýta Samtökin fréttabréf sem sent er á félagsmenn sem hafa skráð sig fyrir því á vef Samtakanna. Formaður gerði tilraunir með vikulega fréttapósta til félagsmanna í desember en varð fljótlega frá að hverfa sökum anna. Skoða þarf hvort og hvernig taka megj upp slíka fréttaveitu á ný.

Almennt er þörf á því að marka skýrari stefnu í upplýsinga- og útgáfumálum – stefnu sem helst í hendur við aðra stefnu félagsins og endurspeglar starfsemi þess.

Töluvert hefur verið rætt um uppfærslu á vef samtakanna undanfarið ár en allar þreifingar hafa gengið hægt sökum áherslu á önnur verkefni, svo sem húsnæðismál. Vef- og upplýsingamálin eru þó það miðlægur, gegnumgangandi og mikilvægur þáttur í starfseminni að ekki má bíða mikið lengur með að koma þeim málum í gott horf. Nú þegar sér fyrir endann á framkvæmdum við húsnæði félagsins verður hægt að setja aukinn kraft í þennan mikilvæga þátt starfseminnar.

Mikilvægt er að uppfærsla á vef félagsins haldist í hendur við almenna endurskoðun á upplýsingamálum félagsins og skipulagi starfsemi. Nokkuð hefur borið á því að almennt félagsfólk kvarti yfir skorti á samráði og upplýsingum, sem er miður, og áriðandi að ný stjórn ávarpi þær áhyggjur og grípi til aðgerða. Núverandi stjórn er umhugað að allt félagsfólk hafi opinn aðgang að starfsemi félagsins (starfshópum og nefndum) eftir því sem við verður komið og sé upplýst um tilvist þeirra. Brunnið hefur við að félagsfólk viti einfaldlega ekki af tilvist ýmissa hópa innan félagsins. Þegar hefur verið brugðist við þessu að hluta með því að koma á beintengingu milli stjórnar, umsjónarfólks ungliða og ungliðanna sjálfa. Ráðast þarf í sambærilegar aðgerðir gagnvart öðrum starfshópum og uppfæra lýsingar á vefsvæði.

Til að vel takist til þarf í raun að kíkja út í öll horn starfseminnar, greina hana og öðlast yfirsýn til að átta sig á því hvaða starfshópar og nefndir eru yfirhöfuð virk og hvernig samskipti við stjórn og aðrar stofnanir virka. Þá fyrst er hægt að bregðast markvisst við vandanum.

3.10.2 Facebooksíða í vexti

Facebooksíða Samtakanna hefur haldið áfram að vaxa á undanfögnu ári. Þann 20. mars 2015 var fjöldi þeirra sem lætur sér líka við síðuna kominn í 3.550, samanborið við 3.051 fyrir ári síðan. Þessi aukning um 449 manns eða 16,4% milli ára verður að teljast nokkuð góð, sérstaklega í ljósi nýlegrar tiltektar hjá Facebook þar sem „læk“ allra óvirkra notenda voru fjarlægð af síðum. Í þeirri aðgerð fækkaði fylgjendum síðunnar um 50 á einu bretti.

Eins og fyrir ári síðan eru 61% fylgjenda síðunnar tilgreindir sem konur, 37% tilgreindir sem karlar og því 2% sem skilgreina sig öðruvísi.

Facebook síða Samtakanna hefur verið eitt helsta tækið í upplýsingamiðlun samtakanna. Mikil hefur verið sett inn á síðuna undanfarið af upplýsingum en móta þarf ritstjórnarstefnu um þetta. Slík stefna þarf einnig að taka til vefjar samtakanna – og í raun þarf að skoða hvernig vefirnir vinna saman og hvað sé líklegt til árangurs.

3.10.3 Útgáfuverkefni

Fræðslubæklingur

Verið er að leggja lokahönd á nýjan fræðslubækling undir heitinu „Hvað er hinsegin?“. Bæklingurinn er gefinn út í samvinnu við Reykjavíkurborg og kemur út á prenti og PDF þegar líða tekur á vorið.

Fræðslumyndbönd – Stattu með!

Verkefni sem hefur gengið undir vinnuheitinu „Stattu með!“ er í undirbúningi hjá Samtökunum '78. Megin tilgangur verkefnisins er framleiðsla stuttra myndbanda sem beint yrði að ungmennum. Í gegnum myndböndin fræðast ungmenni um hinsegin veruleika ásamt því að kenna gagnkynhneigðum jafningjum hinsegin ungmenna viðeigandi viðbrögð við fordómum, niðrandi tali sem og að hvetja þau til að standa með hinsegin félögum sínum.

Verkefnið er á frumstigi en fengist hefur fjármagn til verkefnisins, eða a.m.k. hluta þess. Þá hefur náðst að húa saman hópi áhugasams kvikmyndagerðarfólks til handritspælinga og til að koma verkefninu áfram fyrstu skrefin. Verkefnið mun vonandi hlaða utan á sig á fleira áhugasamt fólk slást í hópinn.

Teiknimyndin hugrakkasti riddarinn

Þann 18. desember hlutu samtökin styrk að upphæð 270.000 kr. til að láta þýða, talsetja og kynna myndina *The Bravest Knight Who Ever Lived* eftir þau Daniel Errico og Ida M. Schouw Andreasen. Sagan segir frá ungum hinsegin riddara og ævintýrum hans. Samtökin fengu Veturliða Guðnason til að snara textanum yfir á íslensku. Myndin kemur út von bráðar og mun vonandi gleðja og fræða íslensk börn á öllum aldri um ókomin ár.

4 Verkefni eftir málaflokkum

4.1 Alþjóðamál

4.1.1 Evrópusamstarf: ILGA Europe - ársskýrsla, ársþing og málefni intersex fólks

Samtökin '78 hafa um árabíl verið aðildarfélag ILGA-Europe sem eru regnhlífarsamtök yfir 400 hinsegin félaga um alla Evrópu. ILGA-Europe starfrækja skrifstofu í Brussel og njóta eins og mörg önnur mannréttindasamtök styrkja frá Evrópusambandinu. Eins og undanfarin ár hafði Hilmar Magnússon alþjóðastjórn málafræðingur umsjón með samstarfinu við ILGA Europe. Meðal verkefna ársins sem tengdust ILGA Europe voru:

- Vinna við gerð ársskýrslu ILGA Europe 2014 um stöðu mannréttinda hinsegin fólks í Evrópu á árinu 2013.
- Þátttaka formanns og varaformanns, ásamt formanni Intersex Ísland, í ársþingi ILGA Europe í Riga í október 2014

Evrópusamstarf: ILGA Europe - Ársskýrsla ILGA Europe 2014

Á fyrri hluta ársins bar hæst vinnu við ársskýrslu ILGA-Europe um stöðu mannréttinda hinsegin fólks í Evrópu á árinu 2013. Skýrslan kom út þann 13. maí 2014 á IDAHO Forum ráðstefnunni í Valletta á Moltu um málefni hinsegin fólks í tilefni IDAHO (BIT) Alþjóðadags gegn hómó-, tvíkynhneigðar- og transfóbíu. Skýrslan kom nú út í þriðja sinn en tilgangur útgáfunnar er að draga upp raunsanna mynd af lagalegri, pólitískri og félagslegri stöðu hinsegin fólks í Evrópu. Hverju ríki í Evrópu, þ.m.t. Íslandi, er tileinkaður sérstakur kafli í ritinu þar sem stiklað er á stóru yfir stöðu og þróun mála.

Samkvæmt úttektinni hlýtur Ísland 64 stig af 100 möguleikum og er í áttunda sæti í Evrópu, ásamt Frakklandi. Réttarstaða hinsegin fólks á Íslandi hefur tekið framförum frá síðustu mælingu en þá hlaut Ísland 56 stig og var í tíunda sæti. Staða hinsegin fólks í Evrópu er mjög misjöfn og fær Bretland hæstu einkunnina, 82 en Rússland sex stig.

Skýrslan hefur reynst gott verkfæri fyrir baráttufólk fyrir réttindum hinsegin fólks en hún hefur vakið talsverða athygli íslenskra fjölmiðla við birtingu og hefur þannig stuðlað að vitundarvakningu meðal almennings um stöðu hinsegin fólks á Íslandi og í Evrópu. Skýrslan hefur einnig haft afgerandi áhrif á löggjafarstarf á Alþingi. Hún varð þannig kveikjan að þingsályktunartillögu Katrínar Jakobsdóttur, Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, Svandísar Svavarsdóttur og Oddnýjar G. Harðardóttur um skipan nefndar um málefni hinsegin fólks. Ályktunin, sem kveður á um að nefndin geri tillögu að samþættri aðgerðaáætlun um bættu stöðu hinsegin fólks á Íslandi, var samþykkt 15. janúar 2014. Félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir skipaði svo nefndina í apríl 2014 og eiga Samtökin '78 þar einn fulltrúa.

Ársþing ILGA Europe í Riga í Lettlandi í október

Dagana 9. til 11. október 2014 tóku Hilmar formaður og Svandís Anna varaformaður, ásamt formanni Intersex Ísland, Kitty Anderson, þátt í ársþingi ILGA Europe sem fram fór í Riga í Króatíu. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa með stjórnarkjöri í framkvæmdastjórn ILGA Europe og tilheyrandi byggir þingið að stórum hluta á þátttöku í mál- og vinnustofum um hin ýmsu málefni er snerta baráttu hinsegin fólks. Hilmar, Svandís og Kitty tóku m.a. þátt í vinnustofum og umræðum um:

- fjáröflunaraðferðir
- nýsköpun og samstarf félagasamtaka og stjórnvalda
- hvernig vinna á með boðskapinn og laga að mismunandi hópum
- intersex aktívisma
- hinsegin foreldra og börn
- hvernig nota á Sameinuðu þjóðirnar til að styðja við breytingar
- Evrópulöggjöf um kynvitund
- velferð aktívista
- að kljást við mismunun í íþróttum
- stjórn mála og stefnu
- konur í hinsegin hreyfingunni
- áskoranir sem trans fjölskyldur mæta
- málefni tvíkynhneigðra

Segja má að ársþingið sé sannkallaður suðupottur hugmynda og skoðanaskipta baráttufólks fyrir mannréttindum hinsegin fólks. Þingið er snar þáttur í alþjóðastarfi fjölda félaga um álfuna sem sækja þangað næringu, styrk og nýja þekkingu inn í starfið heima fyrir. Á þinginu gefst jafnan gott tækifæri til að kynna nýjum málefnum og viðfangsefnum, hlusta á áhugaverða fyrirlesara, kynna nýjum straumum, stefnum og bestu aðferðum í baráttunni, fræðast um árangur og þróun á sviði réttinda og verndar, sem og að miðla af eigin reynslu. Þá er þingið kjörinn vettvangur til að endurnýja kynni við gamla félaga úr baráttunni, komast í samband við áhrifafólk, efla og styrkja tengsl einstaklinga og samstarf félaga og kynna nýju fólki.

Málefni intersex fólks - Ríga yfirlýsingin

Málefni intersex fólks voru mjög áberandi fyrir og á sjálfu þinginu en hinsegin hreyfingin hefur vaknað mjög til vitundar um þessi má, og sést það glögglega t.d. á samstarfi hins nýstofnaða Intersex Ísland og Samtakanna '78 um vitundarvakningu og réttindabaráttu.

Á miðvikudegi fyrir þingið fór fram samráðsfundur evrópskra intersex samtaka. Samtökin starfa undir regnhlíf OII-Europe (Organisation Intersex International-Europe) og með utanumhaldi ILGA Europe. Markmið fundarins var að skilgreina markmið og aðferðir til að berjast fyrir fullum mannréttindum, líkamlegri friðhelgi og sjálfsákvörðunarrétti intersex einstaklinga í Evrópu á grundvelli Möltuyfirlýsingarinnar sem var sett fram á 3ja Alþjóðlega Intersex samráðsfundinum árið 2013.

Markmiðin fjögur eru eftirfarandi:

1. Að setja spurningarmerki við þá skilgreiningu að kyn sé eingöngu karl og kvenkyn og efla þá vitneskju að kyn eins og kyngervi sé skali eða samfella.
2. Að tryggja að intersex einstaklingar hljóti fulla vernd gegn nokkurs konar mismunun. Til að fylgja þessu markmiði eftir leggjum við til að tekin verði upp löggjöf gegn mismunun á grundvelli kyneinkenna, án tillits til ákveðinnar birtingarmyndar eða samsetningar af þessum einkennum. Kyneinkenni ná yfir litninga, kynkirtla og líffærafræðileg sérkenni manneskju. Kyneinkenni svo sem æxlunarfæri, uppbyggingu kynfæra, litninga og hormónastarfsemi, og auka kyneinkenni svo sem, en ekki einvörðungu, vöðvauppbyggingar, dreifingu hárs, brjóstavaxtar og/eða hæðar.
3. Að tryggja að allir hagsmunaðilar sem hafa ákveðnu hlutverki að gæta í velferð

intersex einstaklinga, þar með talið, starfsfólk heilbrigðisgeirans, foreldrar og fagfólk innan menntakerfisins ásamt samfélaginu í heild, fái mannréttindamiðaða fræðslu um intersex málefni.

4. Að vinna að því að gera læknisfræðilega og sálfræðilega meðferð ólögmeta nema að upplýst samþykki einstaklingins liggja fyrir. Starfsfólk heilbrigðisgeirans og annað fagfólk skal ekki framkvæma neina meðferð til að breyta kyneinkennum sem getur beðið þar til einstaklingurinn er fær um að veita upplýst samþykki.

Í ljósi þessara markmiða biðlar samráðsfundur evrópskra intersex samtaka til Evrópu Sambandsins og Evrópuráðsins ásamt ríkisstjórnna um að taka tillit til intersex málefna við vinnu sína og bjóða upp á fulla lagalega vernd fyrir intersex einstaklinga.

Bakgrunnsupplýsingar:

Fram að þessu hafa intersex einstaklingar um um gervalla Evrópu, sætt ómannúðlegum og niðurlægjandi skurðlækningum, hormónameðferðum og öðrum meðferðum án upplýsts samþykkis. Þetta er framkvæmt af geðþótta ákvörðunum lækna án nokkurs konar lagaramma. Þessar breytingar á kyneinkennum einstaklinga virða að vettugi þá staðreynd að kyn er skali eða samfella. Leiðir þetta af sér gróf mannréttindabrot, tekur sjálfræði af einstaklingum til yfirráða yfir eigin líkama og vegur að mannlegri reisn.

OII Europe eru regnhlífasamtök Evrópskra intersex samtaka sem vinna að mannréttindabótum, þau voru stofnuð á Alþjóðlega mannréttindadeginum þann 10. desember á öðrum alþjóðlega samráðsfundi Intersex samtaka í Stokkhólmi árið 2012. OII Europe eru samstarfsaðili Organisation Internationale des Intersexués (OII) sem er alþjóðlegt net intersex samtaka sem starfað hafa frá árinu 2003.

Félög sem komu að yfirlýsingunni eru Intersex Iceland, NNID of the Netherlands, OII Austria / VIMÖ, OII Belgium / Genres Pluriels, OII Bulgaria, OII Francophonie, OII Germany / IVIM, OII Scandinavia / Intersex Scandinavia, TransInterQueer e.V.

4.1.2 Evrópusamstarf: EEA Grants - Samstarf við Spán og Noreg um 'Tengslanet gegn hatri'

Samtökin '78 taka virkan þátt í verkefninu 'Tengslanet gegn hatri' eða 'Network against hate' sem fór af stað árið 2014. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði EFTA með svokölluðum EEA Grants (Styrkjum EES) en sjóðinn hefur Ísland rekið ásamt Noregi og Liechtenstein síðan landið varð aðili að Evrópska efnahagssvæðinu 1994. Styrkirnir eru á sviði félagasamtaka en tilgangurinn er að auka þátt frjálsra félagasamtaka í stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda á öllum stigum stjórnsýslunnar.

Það eru landssamtök hinsegin fólks á Spáni, FELGTB, sem eru styrkþegi í þessu verkefni og fengu m.a. Samtökin '78 til liðs við sig. Verkefninu sjálfu, 'Tengslaneti gegn hatri', er ætlað að stuðla að víðtækum og samhæfðum aðgerðum gegn hatursglæpum og mismunun sem hinsegin fólk verður fyrir. Þessu á að ná með samvinnu milli samfélaga, frjálsra félagasamtaka og stjórnsýslu sem styrkir virka samfélagsþátttöku og vinnur þannig gegn mismunun og að því að styrkja mannréttindi. Þau sem njóta munu góðs af verkefninu eru fórnarlömb hatursglæpa á öllum aldri. Þá er sérstök áhersla á að börn og ungmenni sem verða fyrir neteinelti fái ráðgjöf og stuðning.

Samtökin '78 tóku þátt í undirbúningsfundi og ráðstefnu í Madrid í október og nóvember 2014. Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir sat undirbúningsfund og Hilmar Hildarson Magnússon

sat ráðstefnuna. Fyrirhugaðir eru fundir á Íslandi, í Noregi og á Spáni á árinu 2015.

4.1.3 IDAHO Forum ráðstefnan 13. til 15. maí 2014

Ráðstefnan á Möltu var sú önnur í röð ráðstefna sem ríkisstjórnir í Evrópu hafa boðið til um málefni hinsegin fólks í tilefni IDAHO (BIT) - Alþjóðadags gegn hómó-, bi- og transfóbíu. IDAHO(BIT) er haldinn 17. maí ár hvert en þann dag árið 1990 var samkynhneigð tekin af sjúkdómalista Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Að þessu sinni voru það sænska og maltverska ríkisstjórnin sem buðu til ráðstefnunnar en þar voru m.a. kynntar niðurstöður skýrsla ILGA Europe um stöðu og þróun málefna hinsegin fólks í Evrópu og niðurstöður skýrslu FRA - Grunnréttindistofnunar ESB .

Ráðstefnufulltrúar íslenska hinsegin samfélagsins voru Hilmar Hildarson Magnússon formaður, Svandís Anna Sigurðardóttir varaformaður og Davíð Alexander frá Trans Ísland. Auk þeirra tóku Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra og Linda Rós Alfreðsdóttir frá velferðarráðuneytinu þátt. Ráðherra tók þátt í pallborði og skrifaði ásamt fulltrúum annarra ríkja undir 'Áskorun til framkvæmdastjórnar ESB um viðtækar aðgerðir er varða stefnu í málefnum hinsegin fólks á vettvangi ESB og aðildarríkjanna'. Ísland og nokkur önnur ríki bættust þar með í hóp 11 ESB ríkja sem rituðu undir yfirlýsinguna árið 2013. Markmiðið nú var að áskorunin hefði víðari skírskotun í Evrópu.

4.1.4 Norrænt samstarf

Þann 24. apríl tók formaður S78 þátt í opnun sýningarinnar 'Gay Greenland' í Norðurlandahúsinu í Færeyjum en sýningin var formlega opnuð af Jóni Gnarr borgarstjóra í Reykjavík og Aasi Chemnitz Naarup borgarstjóra í Nuuk. Formaður tók þátt í pallborðsumræðum að opnuninni lokinni, ásamt fulltrúum hinsegin samfélagsins í Færeyjum og á Grænlandi. Eftir fundinn voru lögð drög að nánara samstarfi og komið upp samstarfsvettvangi á Facebook milli landanna.

Þann 21. ágúst tók gjaldkeri S78 þátt í samskonar pallborði sem nú var haldið í Kaupmannahöfn. Samskipti síðan þá hafa verið nokkur en eiginlegt samstarf fer hægt af stað, enda ekkert fjármagn til starfseminnar og tími fólks takmarkaður eins og vill verða í öllu sjálfboðastarfi. Vonir standa þó til að koma á laggirnar verkefnum með stuðningi Vestnorrænna sjóða.

4.1.5 Úgangda - Samstarf við baráttusystkin

Íslandsdeild Amnesty International bauð úgönsku baráttukonunni Köshu Nabagesera til Íslands í apríl 2013. Samtökin '78 stóðu einnig að heimsókninni og áttu ýmis samskipti við Köshu á meðan á heimsókninni stóð, auk annars félaga úr samtökum Köshu að nafni Angel Ojara, en hún er búsett hérlandis. Í kjölfar þessara samskipta var ákveðið að stofna formlega til samstarfs Samtakanna '78 og FARUG – Freedom and Roam Uganda, sem eru hinsegin samtök í Úganda.

Þótt FARUG séu kvennasamtök vinna þau náið með öðrum samtökum hinsegin fólks. Þó nokkur samskipti hafa átt sér stað milli félaganna tveggja síðan 2013 en með hagsmuni og öryggi samstarfsaðilans í huga verður hér, eftir sem áður, ekki farið nákvæmlega út í hvernig samstarfinu er háttað eða hverjir taka þátt. Í ársskýrslu Samtakanna '78 2013-2014 voru raktir ýmsir viðburðir og atriði sem efnt hefur verið til í þágu samstarfsins og má þar geta *Tónleika með tilgang*, risatónleika sem haldnir voru í Hörpu til að safna fjármagni til sameiginlegra verkefna í þágu hinsegin fólks í Úganda. Þörf hinsegin fólks í Úganda á samvinnu og stuðningi er enn mikil. Ennþá er um líf og dauða að tefla eftir gildistöku ofstækisfulltra laga í febrúar 2014 en þau heimila ofsóknir gegn hinsegin fólki

og leggja lífstíðarfangelsi við samkynhneigð .

Þróunarstyrkur frá utanríkisráðuneyti

Samtökin '78 fengu í desember 2013 úthlutað þróunarstyrk frá Utanríkisráðuneytinu vegna samstarfsins og hugðust starfa með FARUG að útgáfu rits um daglegt líf hinsegin fólks í Úganda og dreifa um höfuðborgina Kampala. Á þessum tíma voru í smíðum áðurnefnd lög sem banna samkynhneigð (og það sem kallað er „promotion of homosexuality“) og gera hana refsiverða. Þá var ekki talið að lögin yrðu að veruleika á næstunni og því farið af stað í verkefnið.

Ástandið versnar en enn leitað leiða til að koma fjármagni til Úganda

Það gerist svo skyndilega að lögin eru samþykkt og starfsemi FARUG þar með orðin ólögleg. Samtökin gerðu tilraun til þess að koma lágri peningagreiðslu til Úganda en hún komst ekki alla leið og var endurgreidd inn á reikning Samtakanna. Að því loknu fór í gang ferli sem snerist um að leita leiða til þess að koma peningunum í hendur FARUG með öruggum hætti. Formaður Samtakanna fundaði m.a. í þessum tilgangi með kollegum frá landssamtökum hinsegin fólks í Svíþjóð (RFSL), Noregi (LLH) og fulltrúum mannúðarsamtakanna Wellspring Advisors í New York á Ársþingi ILGA Europe í Riga í október 2014. Félögin hafa síðan skipst á upplýsingum og skoðað ýmsar leiðir. Samtökin voru öll sammála um að staðan í Úganda væri mjög óstöðug og stofnanainnviðir veikir og því tvísýnt hvort hægt yrði að útfæra og framkvæma upphaflega verkefnisáætlun.

Þróunarstyrk skilað og verkefni lokað

Niðurstaða athugana varð sú að áhættan við að senda opinbert fé með krókaleiðum til Úganda væri slík að ekki væri verjandi. Skv. samningnum við Utanríkisráðuneytið bar Samtökunum '78 að sýna fram á árangur af verkefninu um síðustu áramót. Þar sem félaginu var þá orðið ljóst að verkefnið myndi ekki bera árangur innan ramma samningsins var ákveðið að funda með ráðuneytinu. Niðurstaða fundarins var sú að samtökin skili styrknum en að aðilar líti á þessa tilraun sem góða æfingu, enda verkefnið ekki getað gengið upp af óviðráðanlegum aðstæðum. Mögulega verði reynt aftur síðar.

Leiða leitað til að koma sjálfsaflafé í góð not

Að þessu sögðu eiga Samtökin '78 hins vegar enn það sjálfsaflafé sem safnað var á sínum tíma, m.a. á styrktartónleikum. Samtökin eru líka enn í ágætis sambandi við samstarfsaðilana í Úganda. Á næstunni verður því, í samstarfi við FARUG og áðurnefnd samtök á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum, leitað leiða til að finna fjármagninu góðan farveg þannig að það nýtist með sem líkustum hætti og upphaflega var stefnt að.

4.2 Félags- og sálfræðiráðgjöf

4.2.1 Almennt um félags- og sálfræðiráðgjöfina

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að fá viðtalstíma bæði í gegnum síma og í eigin persónu, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hafa má samband við ráðgjafa símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergi í húsnæði Samtakanna '78. Skjólstæðingum stendur til boða að mæta án endurgjalds í eitt til fimm skipti, en að þeim tímum loknum gefst fólki kostur á að mæta í viðtöl gegn greiðslu. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við - sem og ef fólk leitar eftir því.

Húsnæðismál samtakanna höfðu mikil áhrif á ráðgjöfina frá ágúst og út árið 2014 þar sem ráðgjafarnir höfðu ekki alltaf aðgang að öðru húsnæði til að taka viðtöl. Eins voru ekki allir viðmælendur tilbúnir að sækja viðtöl á meðan þau voru ekki í boði í húsnæði Samtakanna 78. Viðtölum fækkaði því aðeins á milli ára eða úr 96 í 81 en ráðgjafar telja þó eftirspurnina ekki minni en áður og þörfin er enn mikil.

4.2.2 Markmið með þjónustunni

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp og auka lífsgæði hans. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsmönnum jafnt sem öðrum. Nær allir sem leita til ráðgjafa samtakanna eiga það sameiginlegt að vera hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flestir eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð eða kynvitund á einhvern hátt. Margir eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins leita fagaðilar og stofnanir til ráðgjafanna um ráð og upplýsingar.

4.2.3 Ráðgjafateymi

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa sérhæft sig í hinsegin málefnum. Þeir eru því vel í stakk búnir til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar og/eða kynvitundar einstaklinga. Í teyminu eru:

- Anna María Valdimarsdóttir, sálfræðingur (frá vori 2012)
- Elísabet Þorgeirsdóttir, félagsráðgjafi (frá vori 2011)
- Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)
- Matthías Matthíasson, sálfræðingur (frá vori 2013)
- Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá vori 2009)

Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur hefur sinnt ráðgjöf síðustu 6 árin, hún var þó í leyfi hluta ársins 2014 en kom aftur til starfa í september. Anna María Valdimarsdóttir sálfræðingur hefur sinnt ráðgjöf síðustu 3 árin. Elísabet Þorgeirsdóttir félagsráðgjafi hefur einnig sinnt ráðgjöf síðustu 3 árin með hléi. Matthías Matthíasson sálfræðingur hefur sinnt ráðgjöf í rúmt ár og eins Guðbjörg Ottósdóttir félagsráðgjafi sem kom aftur eftir nokkurra ára hlé. Þessir fimm ráðgjafar munu halda áfram að sinna ráðgjöf árið 2015.

4.2.4 Almennt um notendur þjónustunnar

Mjög misjafnt er hver tilgangur fólks er sem leitar til ráðgjafanna. Sumir koma eingöngu vegna hinsegin mála hjá þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum, á meðan aðrir leita til ráðgjafanna vegna annarra mála samhliða þeim, vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni.

Fólki getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð og/eða kynvitund án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum. Samtökunum '78 hafa borist fregnir frá félagsmönnum sem hafa leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneigingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar og/eða kynvitundar. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við kynhneigð og/eða kynvitund og gera þessar breytur að aðalumræðuefni þótt þær séu það ekki og fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál. Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að koma inn á öruggt svæði. Þar er kynhneigð og/eða kynvitund þeirra tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við.

4.2.5 Skjólstæðingar árið 2014

Flestir sem leita ráðgjafar eru á aldrinum 16 – 40 ára og eru karlar aðeins fleiri en konur. Yngra fólk leitar meira og meira í ráðgjöfina og rúmlega þriðjungur þeirra sem komu í viðtöl árið 2014 voru 21 árs og yngri. Foreldrar sóttu einnig töluvert í ráðgjöf ýmist einir eða með börnum sínum. Ástæður komu breyttust aðeins á milli ára, flestir leituðu til ráðgjafa vegna vangaveltna í kringum það ferli að “koma út úr skápnum” en komur vegna transmálefna fylgdu fast á eftir. Það hefur einnig aukist að hinsegin fólk og fjölskyldur þeirra leiti ráðgjafar vegna tilfinningalegra erfiðleika og/eða fjölskylduerfiðleika sem ekki endilega tengjast kynhneigð þeirra beint. Einnig leituðu aðstandendur til ráðgjafa, svo sem mæður, feður, afar, ömmur og systkini. Eins hefur borið töluvert á því að annað fagfólk leitar ráða símleiðis hjá ráðgjöfum Samtakanna vegna málefna sem koma upp í þeirra vinnu.

Spurningarnar sem koma upp í ráðgjöf eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf hinsegin fólks er. Hjá þeim sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.s.frv. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt er að hitta annað hinsegin fólk til að kynnast betur þessum „nýja“ heimi. Ráðgjafar ráku sig oft á það að félagslíf hinsegin fólks er ekki mjög aðgengilegt og lítið af viðburðum sem hægt er að beina fólki á, sérstaklega fólki sem komið er yfir 35 ára aldur og þörfin fyrir meira félagslíf innan Samtakanna virðist vera til staðar. Þetta hefur að sjálfsögðu verið sérstaklega áþreifanlegt í húsnæðisleysi Samtakanna '78. Eins veltir fólk fyrir sér réttindum sínum en þó sérstaklega transfólk og þá koma einnig oft upp spurningar um samskipti við lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk.

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni hinsegin barna sinna eru oftast en ekki að velta fyrir sér á hvernig þeir geti best stutt börnin sín, um leið og þeir vilja kynnast frekar málefnum hinsegin fólks og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra. Stuðningshópur fyrir foreldra og aðstandendur transfólks og barna í kynáttunarvanda hefur nú starfað í um 2 ár en síðan í sumar hefur hópurinn einungis hist einu sinni sökum húsnæðisleysis. Hópurinn hefur þó verið nokkuð virkur á facebook. Sigríður Birna ráðgjafi leiðir hópinn. Aðstandendur hafa flestir þá sögu að segja að

aðgengi að upplýsingum um transfólk á Íslandi hafi ekki verið auðvelt og sömu sögu sögðu margir sem komu í ráðgjöf. Það er mat ráðgjafa að auka megi aðgengi að upplýsingum um málefni transfólks t.d. á heimasíðu Samtakanna.

Greinilegt er að netið skiptir flesta þá er koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í samband við annað hinsegin fólk.

4.2.6 Viðtöl hjá ráðgjöfum árið 2014

<i>Viðmælendur</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi viðtala</i>
Konur/transkonur	16	21
Karlar/transkarlar	21	38
Kyn ekki skilgreint		
Fjölskyldur/pör	14 (33 viðmælendur) *	17
Símaviðtöl	5	5
Heildarfjöldi	70 viðmælendi	81
Viðtöl sem féllu niður	5	5

* Foreldrar, pör og fjölskyldur

Aldur karla og kvenna (heildarfjöldi viðmælanda)

<i>Aldur</i>	<i>Fjöldi</i>
– 21	24
21 – 30 ára	18
31 – 40 ára	12
41 – 50 ára	11
50 +	5

Helstu ástæður komu (heildarfjöldi viðtala)

Koma út	26
Óöryggi v. kynhneigðar	6
Fjölskylduerfiðleikar	10
Segja börnum frá/áhyggjur af börnum	2
Eignast börn	
Sambandserfiðleikar	
Réttindi	4
Kynvitund/mál sem snerta transfólk	20
Tilfinningatengdir erfiðleikar	3
Vegna kynhneigðar barna	10
Annað:	

4.2.7 Þóknun ráðgjafa - þörf á hækkun rædd við gerð þjónustusamnings

Undanfarin ár hefur ráðgjafþjónustan verið rekin nánast sem sjálfbóðastarf þeirra sem að henni koma. Ráðgjafarnir fá lágt tímakaup sem hefur ekki hækkað í mörg ár, en þóknunin hefur verið 4.000. kr./klst. greiddar í verktakavinnu fyrir hverja veitta ráðgjöf.

Mikil þörf er á að hækka þessar greiðslur, sem hafa verið óbreyttar í hátt í áratug, í átt að raunverulegum taxta þessara faghópa.

Í viðræðum við Reykjavíkurborg um endurnýjun á þjónustusamningi sem gildi til 2014 hefur verið lögð mikil áhersla á að taka á þessum málum. Samtökin gerðu borginni tilboð sem felur í sér umtalsverðar hækkanir í byrjun febrúar 2015 og biðu enn svara þegar þessi skýrsla var gerð. Það er von stjórnar að töluvert meira verði greitt fyrir þjónustuna í nýjum samningi, enda hafa skilaboð borgarfulltrúa verið með þeim hætti.

4.2.8 Símenntun ráðgjafa, tengslamyndun og stuðningur

Ráðstefnum, námskeiðum, tengslamyndun við aðra fagaðila (einkum erlendis) hefur ekki verið hægt að sinna og kaup á fræðibókum og öðru fræðsluefni hafa verið í algeru lágmarki. Úr þessu er brýnt að bæta. Eins er skortur á formlegri handleiðslu/stuðningi til að bregðast við og vinna úr atvikum sem mögulega geta komið upp í ráðgjöf.

4.2.9 Þróun núverandi þjónustu og ut anumhald

Mikill metnaður og hugur er í ráðgjöfum og stjórn Samtakanna '78 um að efla starfið. Margar góðar hugmyndir hafa komið upp og m.a. stendur vilji til þess að efla hópastarf með fleiri stuðningshópum á borð við þann sem nú er starfræktur fyrir aðstandendur trans fólks (fullorðinna og barna).

Eins er mikill vilji fyrir því að ráðgjafar sækji námskeið/ráðstefnur erlendis og standi fyrir málþingum um hinsegin ráðgjöf hér á landi með erlendum gestum. Það gefur augaleið að slíkt myndi bæta bæði starf ráðgjafa Samtakanna '78 sem og annarra sem starfa innan velferðar- og heilbrigðisgeirans.

Ráðgjafar voru ekki í eins miklu sambandi sín á milli og þeir hefðu viljað síðari hluta árs 2014 sökum húsnæðisleysis. Framtíðarsýn ráðgjafa er að á árinu 2015 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilegri og stefna ráðgjafar á að starfa meira saman með það að markmiði að gera ráðgjafaþjónustuna enn betri og fjölbreyttari í nýju húsnæði Samtakanna. Eins að ráðgjafar leiti sér frekari fræðslu t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra eða ráðstefna jafnt hér heima og erlendis sem sérstaklega beinast að þessum málaflokki. Það er mat ráðgjafa að þörf á ráðgjafaþjónustu eigi bara eftir að aukast og því sé mikilvægt að koma til móts við ráðgjafana með það í huga.

Eins og fram hefur komið býr ráðgjafahópur Samtakanna '78 yfir mikilvægri sérþekkingu og þjónustar hóp sem í mörgum tilfellum finnur ekki sambærilega þjónustu annars staðar. Ef ekki er nægilega vel stutt við starfsemi ráðgjafanna og um leið þá sem til þeirra leita er hætta á að vandi þeirra aukist og viðfangsefnin verði flóknari og erfiðari úrlausnar.

4.2.10 Útvíkkun ráðgjafar - netspjall ráðgjafa

Mikill áhugi er hjá ráðgjöfunum og Samtökunum '78 á að þróa netspjall sem nær að þjónusta þá sem af ýmsum sökum hafa hvorki vilja, þor né getu til að mæta í viðtal. Með þessum hætti gæti þjónusta ráðgjafanna náð m.a. til fólks sem á erfitt með að hugsa sér að stíga inn fyrir Samtökin '78 t.d. vegna hræðslu og fordóma, hefur ekki tök á því að ferðast, eða á líkamlega erfitt með að mæta í ráðgjöf. Hér yrði því þróaður þægilegur kostur fyrir einstaklinga sem vilja nýta sér ráðgjöf Samtakanna '78 án formlegra viðtala.

4.3 Fræðsla og rannsóknir

4.3.1 Almennt um fræðslustarfið

Fræðslustarf Samtakanna '78 hefur frá stofnun verið einn af hornsteinunum í starfsemi félagsins. Í upphafi snerist fræðslan um að einstaklingar deildu með áheyrendum persónulegri reynslu sinni en undanfarinn áratug hefur hún þróast í fræðsluform þar sem fjallað er um hugtök, skilgreiningar og stöðu hinsegin fólks í samfélaginu. Mikilvægi þessarar fræðslu er gríðarlegt þar sem hún tekur á hlutum sem almennt er ekki sinnt. Lítið er t.d. fjallað um hinsegin málefni innan skólakerfisins þrátt fyrir áherslur í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og aðalnámskrá sem gerir ráð fyrir að umfjöllun um hinsegin málefni sé hluti af kennslu og námsefni í skólum landsins.

4.3.2 Markmið með þjónustunni

Megintilgangurinn með fræðslustarfi Samtakanna '78 er að bæta lífsskilyrði og lífsgæði hinsegin fólks og þar með samfélagsins alls. Meginmarkmið fræðslunnar er að auka sýnileika hinsegin fólks og efla almenna vitneskju um líf þess, stöðu og hagi. Þannig er unnið að eyðingu fordóma, mismununar og haturs sem oft spretta fram af þekkingarleysi. Í fræðslustarfinu er fjallað ítarlega ólíka hópa undir hinsegin regnhlífinni og þá fordóma sem þeir verða fyrir. Á vinnustöðum og í skólastarfi virkar fræðslan sem mikilvægur stuðningur við hinsegin starfsfólk og nemendur og hvetur fólk til að þora að vera það sjálft. Hinsegin nemendur upplifa að þetta séu málefni sem hægt sé að ræða og skipti máli. Markmiðum fræðslunnar má lýsa með eftirfarandi hætti:

- Vekja athygli á málefnum hinsegin fólks og auka sýnileika þess.
- Uppræta fordóma og koma í veg fyrir mismunun byggða á vanþekkingu og/eða hræðslu.
- Opna umræðu um fjölbreytni kyns, kynhneigðar, kynvitundar og kyntjáningar og vekja athygli á mikilvægi þessara þátta í lífi okkar allra.
- Veita nemendum, starfsfólki og fagstéttum þá þekkingu og fræðslu sem þarf til geta fjallað um málefni hinsegin fólks með málefnalegum og persónulegum hætti.
- Veita nemendum, starfsfólki og fagstéttum praktískar upplýsingar um hvert hægt sé að leita eftir stuðningi, aðstoð og/eða frekari fræðslu.

4.3.3 Inntak fræðslustarfsins - efnistöð, nálganir og leiðir

Fræðslustarf samtakanna spannar mjög vítt svið og tekur á öllu tengdu hinsegin fólki, m.a. kynhneigð, kynvitund og kyn. Fjallað er um hvað kynhneigð sé og mismunandi kynhneigðir ávarpaðar, t.a.m. samkynhneigð, tvíkynhneigð, pankynhneigð og það að vera „asexúal“. Einnig er fjallað ítarlega um kynvitund. Hugtakið er útskýrt og fjallað um hvað felst í því að vera trans.

Farið er ítarlega yfir orðanotkun og hvað telst viðeigandi, sbr. kynleiðrétting, trans fólk, trans kona, trans karl, notkun fornafna o.fl. Einnig er talað um trans fólk sem skilgreinir sig utan tvíhyggju-kynjakerfisins. Fjallað er almennt um kyn og hvernig samfélagið gerir einungis ráð fyrir tveimur kynjum, karli og konu, sem við sjáum í gegnum félagsmótun, hegðun og væntingar. Þetta er mikilvægt þar sem hinsegin fólk er oft á skjön við þetta sterka og rótgróna kerfi - sérstaklega trans og intersex fólk. Í framhaldi af þessu er farið

yfir hvað sé að vera intersex og helstu baráttumál hópsins rakin - t.d. sjálfsákvörðunarrétturinn varðandi eigin líkama og baráttan fyrir því að koma í veg fyrir ónauðsynlegar aðgerðir á intersex einstaklingum sem ungabörnum.

Í fræðslunni er einnig fjallað um staðalímyndir og fordóma. Farið er stuttlega yfir hvað staðalímyndir séu og hvernig staðalímyndir um hinsegin fólk birtist í samfélaginu. Þá er rætt um fordóma og fólk spurt um hverskonar fordómar fyrirfinnst á Íslandi. Fjallað er um að fordómar séu á mjög stóru rófi - allt frá að vera það sem kallað er „jákvæðir fordómar“ og yfir í það að vera ofbeldisverk og morð. Tekin eru dæmi um fordóma sem hinsegin fólk upplifir og birtingarmyndir þeirra, t.d. í lagasetningu og orðanotkun.

Farið er yfir réttindabaráttu hinsegin fólks og helstu sigra héraendis hingað til. Hér má nefna staðfesta samvist, frumættleiðingar, hjónaband, lög um réttarstöðu trans fólks og bætt hegningarlög. Einnig er rætt um þau atriði sem vantar upp á. Í kjölfarið er fjallað um Hinsegin daga og tilganginn með slíkri hátíð, ásamt því sem fólk er spurt hvort það hafi tekið þátt o.s.frv.

Að endingu er gefið rými fyrir spurningar og umræður. Í skólahópum fá nemendur miða sem þeir geta skrifað spurningar á sem svo er svarað. Einnig segja fræðarar oft sína eigin sögu, hvernig þau sjálf komu út úr skápnunum og allt tengt því.

4.3.4 Fræðslan í ljósi aðalnámskrár og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar

Fræðslustarfsemi Samtakanna '78 fellur mjög vel að ákvæðum aðalnámskrár. Í almennum hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla kemur fram að jafnrétti sé regnhlífarhugtak sem ná meðal annars til kyns og kynhneigðar. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig m.a. kyn og kynhneigð geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks (sjá kafla 2.1.4). Fræðsla samtakanna styður með beinum hætti við þennan grunnþátt aðalnámskrár. Þá kemur einnig fram að til að ná fram markmiðum grunnþáttarins jafnréttis sé eðlilegt að í skólastarfinu sé nýtt þekking fræðigreina á borð við kynjafræði og hinsegin fræði en samtökin hafa á undanförunum árum þróað fræðslu sína í tak við nýjustu rannsóknir þessara fræðigreina og markvisst nýtt sér þær.

Lýðræði og mannréttindi eru annar grunnþáttur menntunar. Barátta hinsegin fólks fyrir réttindum, virðingu og sýnileika er mannréttindabarátta. Barátta sem er nauðsynleg raunverulegu lýðræði. Í fræðslu samtakanna er þessari baráttu gerð skil, upphafi hennar og helstu skrefum.

Í ritinu *Heilbrigði og velferð* sem er hluti af *Ritröð um grunnþætti menntunar*¹ er bent á að samkynhneigðum ungmönnum líður mun verr í skóla en öðrum og eru margfalt líklegri til að hafa reynt sjálfsvíg en jafnaldrar þeirra (bls. 47). Í nýlegri rannsókn Jóns Ingvars Kjara og Ingólfs Á. Jóhannessonar kemur einnig fram að hinsegin ungmenni í

¹ http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/heilbrigdi_og_velferd/heilbrigdi.html#/1/

framhaldsskólum upplifa fordóma í daglegum samskiptum við samnemendur og kennara. Fordómarnir birtast m.a. í kerfisbundinni þöggun um hinsegin málefni innan skólanna.² Í áðurnefndu riti um grunnþáttinn heilbrigði og velferð segir jafnframt: „Sú staðreynd að samfélagið tekur gagnkynhneigð sem gefnum hlut og að skortur er á samkynhneigðum fyrirmyndum á vafalítið þátt í vanlíðan þeirra sem eru að uppgötva samkynhneigð sína. Umræða um transgender fólk, hefur verið takmörkuð þar til á allra síðustu misserum og þekking á málefnum þess er af skornum skammti í samfélaginu. Kennarar þurfa að skoða hug sinn til samkynhneigðar og stöðu transgender fólks. [...] Starfsfólk skóla þarf að búa yfir nauðsynlegri þekkingu til að hægt sé að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir, hlusta og leiðbeina fordómalaust.“ (bls. 47).

Fræðslan fellur einnig vel að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Í stefnunni segir m.a. að allt uppeldis- og tólmstundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því þátttakendur geti verið samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, transgender eða gagnkynhneigðir. Ólíkar kynhneigðir fólks séu ræddar kinnroðalaust (grein 6.3.1). Þá segir einnig í stefnunni að markvisst eigi að brjóta upp hamlandi staðalmyndir kynjanna í uppeldis- og tólmstundastarfi (grein 2.3.2). Sú fræðsla sem Samtökin '78 stendur fyrir í skólum borgarinnar leggur áherslu á þessi atriði.

4.3.5 Fræðsluteymi

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir var ráðin fræðslustýra Samtakanna '78 í nóvember 2012 og hefur sinnt því starfi síðan. Fræðslustýra skipuleggur og hefur yfirsýn með þeirri fræðslu sem fer fram á vegum Samtakanna '78 í gegnum tölvupóst og símasamskipti við viðkomandi aðila (t.d. skóla eða vinnustaði). Einnig leiðir fræðslustýra og tekur virkan þátt í þróun fræðsluefnis ásamt fræðslunefnd og stjórn Samtakanna '78 í formi skrifa, skipulagningar og funda. Fræðslustýra hefur viðveru á skrifstofu einu sinni í viku, fjóra tíma í senn, og leysir framkvæmdastjóra af þegar þarf. Það felur í sér að skipuleggja fræðslufundi, fræðsluefni og almenn verkefni sem að koma upp hverju sinni.

Fræðslustýra sér að mestum hluta um að fara á fræðslufundi. Sér til aðstoðar hefur hún hóp sjálfboðaliða, m.a. frá Ungliðahreyfingu Samtakanna '78 sem taka þá að sér svokallaða jafningjafræðslu. Hópurinn fer ört stækkandi og koma fleiri og fleiri einstaklingar að starfinu. Þar sem fræðslufyrirlestrar, fundir og annað eru oft á kvöldin eða á öðrum tímum fer mikill hluti starfsins utan hefðbundins dagvinnutíma.

4.3.6 Snið fræðslunnar og notendur þjónustunnar

Til að koma í veg fyrir fordóma og skilningsleysi í garð hinsegin fólks er mikilvægt að fræðsla um málefni þess fari fram sem víðast. Eins er áriðandi að hinsegin fólk sjálft, hvort sem um er að ræða nemendur eða starfsfólk, upplifi að málefni þess séu rædd með opinskáum og fordómalausum hætti. Slík umræða er líkleg til að búa því vinsamlegt umhverfi og koma í veg fyrir útskúfun og vanlíðan í skóla og/eða vinnu.

² <http://netla.hi.is/menntakvika2010/017.pdf>.

Samtökin '78 fræða fjölbreytta og ólíka hópa fólks og sníða áherslur að þeim hópi sem bókar fræðsluna í hvert sinn. Hér má nefna nemendur í grunn-, framhalds- og háskólum, starfsfólk leik-, grunn-, framhalds- og háskóla, starfsfólk annarra opinberra stofnanna, s.s. heilbrigðisstofnanna, starfsfólk í félagsmiðstöðvum og starfsfólk hjá einkafyrirtækjum og félagasamtökum. Auk þess bjóða samtökin fræðslu öllum þeim sem þess óska.

Óskir frá starfsfólki skóla um fræðslufundi hafa aukist undanfarin ár og hafa samtökin reynt að bregðast við þeim óskum eftir bestu getu. Meðal starfstétta sem fræðslan hefur einkum beinst að eru kennarar, hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, sálfræðingar og skólahjúkrunarfræðingar. Lifandi umræða og fræðsla er ein af forsendum betra skólustarfs og bættri líðan nemenda. Þá hefur félagið leitast við að gera þjónustusamninga við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni með það að markmiði að koma á samtali og opna dyrnar fyrir aukinni fræðslu á vettvangi þeirra og kynna þjónustu félagsins.

Fræðslufyrirlestrar eru að jafnaði 60 til 80 mínútur og fara langflestir fram á vettvangi Reykjavíkurborgar en einnig er farið í önnur sveitarfélög.

4.3.7 Fræðslufundir starfsárið 2014 til 2015

Á starfsárinu (mars 2014 út mars 2015) voru bókaðar 76 fræðsluheimsóknir og hátt í 80-90 fræðslufyrirlestrar. Þar af voru 6 fundir haldnir fyrir fagfólk grunnskóla og framhaldsskóla, einn foreldrafundur og 8 fræðslur í félagsmiðstöðvum fyrir krakka á aldrinu 12-16 ára.

Flestir fræðslufundir voru haldnir fyrir nemendur frá 8.-10. bekk, einstaka fræðslur fyrir 6-7. bekk og fyrir fyrstu bekki framhaldsskóla. Farið var til Njarðvíkur þar sem að allir bekkir skólans ásamt starfsmönnum fengu fræðslu. Einnig var bókuð fræðsluferð á Höf í Hornafirði þar sem grunnskóli, framhaldsskóli, foreldrafélag og starfsfólk fengu fræðslu. Einnig var tekið þátt í fræðsluviku hjá Ástráði, félagi læknana. Það má því segja að það hafi verið nóg að gera í fræðslu og eftirspurn aldrei jafn mikil, sem sést hvað best á mikilli fjölgun fræðsluheimsókna frá ári til árs.

4.3.8 Greiðslur til fræðslustarfsfólks

Fræðslustýra er ráðin í 50% starf og fara laun hennar skv. samningum VR. Aðrir fræðarar eru ólaunaðir. Miðað við umfang starfseminnar og kröfur um faglega nálgun er ljóst að bæta þurfi allverulega í hér, bæði til að hækka starfshlutfall fræðslustýru og til að umbuna öðrum fræðurum með einhverjum hætti.

4.3.9 Símenntun fræðslustarfsfólks, tengslamyndun og stuðningur

Fræðslustýra hefur ekki haft færi á, sökja fjárskorts, að sækja ráðstefnur og námskeið sem tengjast starfi hennar beint eða sinna tengslamyndun við aðra fagaðila (einkum erlendis). Þá hefur ekki verið hægt að festa kaup á fræðibókum né öðru fræðsluefni. Mikilvægt er að fræðslustýra geti sótt sér nýjust þekkingu og aðferðir þannig að hún geti

miðlað til annarra fræðara og að fræðslustarfið sé í stöðugri þróun. Úr þessu er brýnt að bæta.

Allir jafningjafræðarar fá leiðsögn hjá fræðslustýru en skortur er á formlegri þjálfun í hvernig skuli koma fram og hvernig eigi að flytja fyrirlestra á faglegan hátt. Eins er skortur á formlegri handleiðslu/stuðningi til að bregðast við og vinna úr atvikum sem mögulega geta komið upp meðan á fræðslu stendur. Jafningjafræðarar þjálfast í gegnum reynslu og getur tekið hálf til eitt ár að ná það góðri tækni og sjálfsöryggi að viðkomandi geti flutt fyrirlestra án fræðslustýru. Æskilegt er að þróa þetta starf þannig að fræðarar fái markvissari og faglegri þjálfun, bæði um framkomu og framsetningu sem og tilgang, markmið og innihald fræðslunnar sjálfar: hvað þurfi að fjalla um og með hvaða hætti.

Á starfsárinu var haldið námskeið fyrir nýja fræðara þar sem farið var yfir grunnatriði fræðslu en búist er við töluverðri fjölgun í hópi þeirra ungmenna sem sér um fræðslu á þessari önn og þeirri næstu.

4.3.10 Þróun fræðslustarfs og ut anumhald

Undirbúningur á efni og skipulagning fræðslu tekur langan tíma og er að mörgu að huga. Inntak fræðslunnar hefur dýpkað með árunum. Hún hefur þróast úr því að vera einkum jafningjafræðsla með áherslu á persónuleg málefni - yfir í alhliða fræðslu um samfélagsleg kerfi, kyn, kyngervi, viðmið og gildi. Þetta hefur gerst samhliða aukinni þekkingu á hinseginfræðum og kynjafræðum í íslensku samfélagi. Fræðslan byggir því bæði á faglegum og persónulegum grunni, eins og mikilvægt er í öllu grasrótastarfi. Þessi nálgun krefst þess að eiginleg fræðsla fái aukið formlegt vægi og að starfsfólk fræðslunnar sé vel upplýst og þjálfað.

Samtökin '78 vilja þróa fræðsluna áfram með þessum hætti og leggja áherslu á að hún verði öflugt tæki til að gagnrýna ríkjandi samfélagsleg norm og gildi (e. norm critical). Jafnframt verði öðrum þáttum sem kunna að samtinnast kynhneigð, kynvitund og/eða kyni á borð við fötlun, kynþátt og efnahagsstöðu gerð betri skil (e. intersectionality). Þetta fellur vel að áherslum aðalnámsskrár og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Samtökin '78 vilja einnig sjá þróaðar praktískar leiðir eða lausnir fyrir fagstéttir til að tryggja að hugað sé að hinsegin fólki í starfi og að réttur þess sé varinn. Í þessu felst að tekið sé m.a. á fordómafullri orðræðu og/eða mismunun á vinnustað/i skólustarfi.

Sú framtíðarsýn sem lýst er hér að ofan krefst meiri vinnu, tíma og formfestu en er að finna innan núverandi fjárhagsramma þar sem eingöngu er gert ráð fyrir 50% starfi fræðslustýru.

4.3.11 Útgáfa fræðsluefnis - fræðslubæklingur og -myndbönd

Áfram hefur verið unnið að fræðslubæklingi, m.a. í samvinnu við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og er hönnun hans á lokametrunum þegar þessi skýrsla er skrifuð. Stefnt er að útgáfu bæklingins á vordögum 2015. *Sjá nánar í kafla 3.10 á bls. 29.*

4.4 Menning og viðburðir

4.4.1 Bókasafn Samtakanna '78 (1987 til 2014)

Á aðalfundi félagsins 2014 var borin upp tillaga stjórnar þess efnis að leysa upp bókasafn Samtakanna '78 og færa öðrum söfnum bókakost þess að gjöf. Tillagan fól einnig í sér að félagið héldi eftir kvikmyndasafni sínu og nokkru af bókakostinum. Þetta var samþykkt einróma og safnið leyst upp sumarið 2014. Um leið voru húsgögn þess seld Bókasafni Fjallabyggðar í Ólafsfirði. Á aðalfundi 2014 var einnig samþykkt að verja nokkru af fjármunum félagsins árlega til kaupa á bókum og færa þær íslenskum söfnum að gjöf.

Skáldrit safnsins fóru að mestu leyti til Borgarbókasafns Reykjavíkur (um 1400 titlar) en fræðirit og ögn af skáldskap til námsbrautar í kynjafræði við Háskóla Íslands til varðveislu og útlána á Landsbókasafni – Háskólabókasafni (um 1200 titlar). Var þessum gjöfum veitt viðtaka við opinbera athöfn í báðum söfnunum að hausti. Þá fékk námsbraut í kynjafræði til varðveislu á Landsbókasafni – Háskólabókasafni í sinn hlut tvo titla mikilvægra erlendra tímarita (Advocate og Løvetann) sem á sinn hátt segja hinsegin sögu þriggja áratuga. Hver bók sem gefin var er sérstaklega merkt gefanda. Samtökin '78 halda síðan eftir um 200 titlum bóka svo og 600 titlum kvikmynda á mynddiskum og mun þeim fundinn staður í nýju húsnæði félagsins ásamt miklu úrklippusafni og safni erlendra tímarita sem hafa mikilvægt heimildargildi og ná aftur til 1980.

Þessi ákvörðun var engan veginn auðveld því að félagsfólk í Samtökunum '78 hefur löngum verið stolt af safni sínu. Samtökin '78 stofnuðu sitt eigið almenningabókasafn 1. maí 1987 til að mæta þeirri staðreynd að þá var varla að finna efni í bókum og tímaritum um málefni samkynhneigðra og annars hinsegin fólks hér á landi. Safnið eflist hratt með gjöfum og innkaupum á næstu árum og fjölmargir sjálfbóðaliðar komu að uppbyggingu þess. Síðasta áratuginn var safnið skráð á Gegni hjá Landskerfi bókasafna og safnkosturinn sýnilegur öllum sem eftir leituðu. Alla þá skráningu annaðist Jón Sævar Baldvinsson bókasafnsfræðingur.

Aðsókn að safninu var mikil í rúma tvo áratugi og safnið var lengi eitt helsta aðráttarafi félagsmiðstöðvanna á Lindargötu 49 og Laugavegi 3. Á bókasafni Samtakanna '78 tókst að gera safneignina að lifandi forða og hún átti stóran þátt í að mennta nokkrar kynslóðir til vitundar um stöðu hópsins og menningu. Síðan hefur hinsegin menning breitt anga sína um heiminn í þeim mæli sem okkur óraði ekki fyrir á sínum tíma og leiðir til miðlunar hafa gjörbreyst. Í nýju landslagi var hlutverk og mikilvægi safnsins orðið svipur hjá sjón og því hlutum við að spyrja: Hvar er safnkostinum best borgið í breyttum heimi? Hvar er hann virkastur, hvar kemur hann helst að notum? Það er til marks um nýtt samfélag og nýjar leiðir til miðlunar að hin síðustu ár dróst aðsókn að safninu mjög saman og árið 2013 var hún aðeins tíundi hluti af því sem verið hafði á fyrstu árum aldarinnar.

Þorvaldur Kristinsson, fyrrum formaður félagsins, átti hugmyndina að þessari gerð og hafði hann yfirumsjón með afhendingu bókana til ofanefndra safna en honum til aðstoðar var Kolbrún Edda Sigurhansdóttir bókasafnsfræðingur. Meginröksemdin fyrir

Því að leysa upp safnið var sá grunur að sem sérstakt safn væri nýting þess langtum minni en ætla mætti ef safnkosturinn væri hýstur í stærri og miðlægari söfnum. Þá var ljóst að í nýju húsnæði félagsins við Suðurgötu yrði ekki viðunandi rými fyrir safnkostinn og erfitt að reka þar almenningsbókasafn svo vel væri.

Fyrstu undirtektir á nýjum vettvangi lofa góðu. Að sögn Landsbókasafns – Háskólabókasafns er nú þegar mikið um útlán á safnkostinum sem um ræðir og svipaða sögu er að segja af Borgarbókasafni. Að mati stjórnar félagsins skiptir meginmáli að sá þekkingarbrunnur sem hér er að finna nýtist lesandi Íslendingum og því fagnar stjórn því að þetta virðist vera að rætast. Safnið hefur gengið í endurnýjun lífdaga á nýjum vettvangi. Síðar mun stjórn gera grein fyrir því hvernig nýta má og nálgast kvikmyndasafnið sem nú er hýst í nýju húsnæði félagsins.

Á þessum tímamótum vill stjórn Samtakanna '78 þakka öllu því fjölmarga fólki sem áttu hlut að vexti og viðgangi bókasafnsins í aldarfjórðung og lagði þar ómælda vinnu af mörkum í starfi sjálfboðaliða. Öll höfðu þau mikil áhrif með framlagi sínu.

4.4.2 Starfsemi í Regnbogasafni félagsmiðstöðvar

Þar til í byrjun júlí 2014 var félagsmiðstöðin opin hvert fimmtudagskvöld frá kl. 20–23. Auk þess voru fastir fundir ýmissa starfshópa, svo sem Ungliðahreyfingar, Q-félags hinsegin stúdenta, Hinsegin kórsins og Trans-Íslands. Sem dæmi má nefna var Q-félag hinsegin stúdenta með ýmiss konar uppákomur á föstudagskvöldum, Ungliðahreyfingin var með fundi og opið hús á sunnudögum og Hinsegin kórinn var með kóræfingar á mánudagskvöldum. Á laugardögum var salurinn ýmist lánaður út fyrir ýmsa viðburði hjá starfshópum S'78 eða leigður út fyrir einkasamkvæmi gegn vægu gjaldi.

Félagsmiðstöðinni var lokað í byrjun júlí vegna flutninga. Vonir standa um að eitthvað svipað form verði á nýtingu salar og/eða fundaaðstöðu í nýjum húsakynnum Samtakanna'78 á Suðurgötunni.

Lausleg talning sýnir að 2.279 gestir sóttu viðburði, opin hús og félagsstarf í Regnbogasafnum fyrstu 6 mánuði ársins borið saman við 1.866 gesti fyrstu 6 mánuði ársins 2013. Þetta er aukning um 413 gesti.

4.5 Réttindabarátta og löggjöf

Þótt slenskt samfélag sé komið býsna langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks er óhætt að segja að enn sé töluvert í land þar til fullum jöfnuði er náð. Þá verður að muna að lagalegt jafnrétti er eitt, en viðhorf og lífsgæði annað. Þessi atriði haldast ekki alltaf í hendur og víða um heim býr fólk við neikvæð viðhorf, andúð, misrétti og ofbeldi þótt lagaleg staðan sé bærilæg. Annars staðar er þessu mögulega öfugt farið og sumsstaðar eru allir þessir þættir í ólestri. Gott og hinseginvænt laga- og regluverk þarf að vera til staðar en það eitt og sér tryggir ekki endilega að fólki sé ekki mismunað. Það nægir ekki að hafa gott regluverk, það þarf líka að tryggja að farið sé eftir því. Drjúgur hluti af starfsemi Samtakanna '78 snýst einmitt um þetta. Að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks gagnvart lögum og framkvæmd þeirra. Þessu má skipta í fernt:

- aðild að stofnunum sem berjast fyrir mannréttindum, s.s. MRSÍ
- áhrif á mótun löggjafar og regluverks með beinni þátttöku í nefndum o.fl.
- áhrif á mótun löggjafar og regluverks með umsögnum um lagafrumvörp o.fl.
- kærur og kvartanir, annað hvort í eigin nafni eða sem aðstoð við félagsfólk

4.5.1 Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands - MRSÍ

Samtökin 78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fjórtán félög eiga aðild að skrifstofunni og er Uglá Stefanía Jónsdóttir fulltrúi í stjórn fyrir hönd S78.

4.5.2 Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með beinni þátttöku í nefndum o.fl.

- **Samráðshópur um mótun stefnu í málefnum barna og barnafjölskyldna**
Samráðshópur um mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum barna og barnafjölskyldna var verkefnisstjórn til fulltingis en hlutverk hennar var að gera tillögur um stefnu og aðgerðaráætlun til félags- og húsnæðismálaráðherra. Verkefnisstjórnin afhenti ráðherra tillögur sínar þann 19. febrúar 2015 en áður hafði verið kallað eftir umsögnum um tillögudrögin. Stjórn Samtakanna '78 gerði ítarlegar athugasemdir við drögin og benti á að ekki væri lengur minnst orði á kynhneigð eða kynvitund í tillögunum, eins og ráðherra hefði þó lagt upp með í upphafi. Komið var til móts við flestar, ef ekki allar athugasemdirnar. Gunnar Helgi Guðjónsson var fulltrúi S78 í samráðshópnum.
- **Nefnd um málefni hinsegin fólks**
Þann 30. apríl 2014 skipaði félags- og húsnæðismálaráðherra nefnd um málefni hinsegin fólks í samræmi við þingsályktunartillögu frá 15. janúar sama ár. Svandís Anna Sigurðardóttir varaformaður S78 situr f.þ.h. í nefndinni. Nefndinni var falið að vinna áætlun um samþættar aðgerðir til að bæta stöðu hinsegin fólks í landinu og átti að skila ráðherra tillögum sínum fyrir 1. október 2014. Ekkert hefur bólað á tillögum og hefur starf nefndarinnar gengið seint og illa.

4.5.3 Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með umsögnum um lagafrumvörp o.fl.

Samtökin '78 gerðu athugasemdir við a.m.k tvö lagafrumvörp og tvær tillögu framkvæmdavaldsins á síðasta starfsári:

- **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun**
Þann 3. desember 2014 sendu Samtökin '78 inn umsögn um drög að frumvarpi til laga í velgjörðarskyni. Samtökin ítrekuðu að þau tækju ekki afstöðu til staðgöngumæðrunar þar sem málið væri umdeilt og um það ríktu margar mismunandi skoðanir meðal félaga. Eins var áreittuð sú skoðun að réttindi eins hóps skuli aldrei ganga á mannréttindi annars. Samtökin lögðu áherslu á að færi svo að frumvarpið yrði að lögum þyrfti að tryggja að lögin mismunuðu ekki, þá t.d. á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar. Það var því með þessum gleraugum sem frumvarpsdrögin voru skoðuð og gerðar athugasemdir við þær greinar frumvarpsins sem taldar voru mismuna hinsegin fólki.
- **Umsögn um framtíðarskipan lögreglunáms**
S78 fagna háleitum markmiðum um lögreglunám en minna um leið á nauðsyn þess að almenn mannréttinda- og hinsegin fræðsla skipi veigamikinn sess í nýju námi. Viðbrögð við og úrvinnsla hatursglæpa vegi þar þungt en ekki síður þekking á rétttri orðanotkun og skilningur á jaðarhópum hinsegin samfélagsins. Trans fólk sé t.d. hópur sem sé einkar útsettur fyrir fordómum og ofbeldi.
- **Umsögn um tillögur að stefnu í málefnum barna og barnafjölskyldna**
Sjá kafla 4.6.2 Áhrif á mótun löggjafar og regluverks með beinni þátttöku í nefndum o.fl.
- **Umsögn um frumvarp til breytinga á mannanafnalögum**
Samtökin '78, í félagi við Trans-Ísland, Q-félag hinsegin stúdenta, Intersex Ísland, HIN-Hinsegin Norðurland og Félag ungra jafnréttissinna á Íslandi sendu sameiginlega inn umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um mannanöfn þann 9. mars 2015. Samtökin lýstu yfir stuðningi sínum við frumvarpið og þá sérstaklega hugmyndir um að afnema ákvæði um sérstök karlmanns- og kvenmannsnöfn. Þann 17. mars 2015 mættu svo formenn Samtakanna '78, Trans Ísland og Intersex Ísland á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingi og ræddu málið vítt og breitt við nefndarfólk.

4.5.4 Kærur og kvartanir

Samtökunum berast af og til kvartanir vegna mismununar sem hinsegin fólk verður fyrir af hálfu ýmissa aðila, jafnvel opinberra stofnanna. Nokkur dæmi eru t.d. um mismunun Þjóðskrár Íslands gagnvart konum sem eignast saman börn og standa í stappi við stofnunina vegna skráninga, foreldraréttar o.fl. Samtökin '78 hafa eftir megni reynt að aðstoða fólk en hafa lítið bolmagn til þess – hvorki fjárhagslegt né faglegt. Samtökin hafa þó undanfarið verið í viðræðum um að koma upp einhverskonar lögfræðiráðgjöf fyrir fólk í þessari stöðu. Meira verður væntanlega að fréttu af því þegar líður á vorið 2015.

4.7 Ungliðahreyfing Samtakanna '78 / Queer Youth of Reykjavík

Ungliðarnir héldu fundi á sunnudagskvöldum í húsnæði Samtakanna fram í ágúst en eftir að húsnæðið seldist tók við óvissutímabil þar sem ekki var víst hvort Ungliðarnir hefðu nokkurn samastað. Um tíma fengu Ungliðarnir að funda í félagsmiðstöð Kamps við Austurbæjarskóla en þurftu frá að hverfa vegna breytinga. Þá tók við aðstaða í skúr við Háteigsskóla eftir nokkra fundi á kaffihúsum og úti við en ungliðunum þótti sú aðstaða ekki góð og mæting hríðféll. Reynt var að fá inn hjá Hinu húsinu en það gekk ekki eftir og fyrir tilviljun fréttu Ungliðarnir af aðstöðu Íbúðarinnar í Safamýri og hafa nú fundað þar í nokkur skipti.

Húsnæðisflakk og óvissa hafa sett svip sinn á starfið og haft slæm áhrif á mætingu; um tíma voru aðeins fjórir til sex ungliðar að mæta á hvern fund. Mæting virðist nú hafa tekið aftur við sér en aukinn kraftur hefur verið settur í kynningarstarf á samfélagsmiðlum og húsnæði og aðstaða Íbúðarinnar er einnig mun betri en það sem áður var í boði. Ungliðarnir sjá að mestu sjálf um að skipuleggja dagskrá sína og hafa þau meðal annars haft föndurkvöld, bíókvöld, fræðslukvöld og Sing Star en þau hafa einnig farið í keilu, bíó og pizzu, leikjavöld á Klambatúni og kynningarferð í Pole sport heilsurækt. Þá tóku ungliðarnir þátt í gleðigöngu Hinsegin daga og aftur var haldið ungmennaball í tengslum við hátíðina. Ungmennaballið gekk ljómandi vel. Í ár var brugðið á það ráð að rukka 500 krónur inná ballið en var þó frítt fyrir ungliða, þ.e. þau sem einhverntíman hafa mætt á ungliðafund. Gjaldið var sett á til að draga úr aðsókn ungmenna sem ekki voru að sækja í hinsegin félagsstarf heldur nýttu viðburðinn til að hanga og drekka. Gjaldið hafði tilætluð áhrif og mættu talsvert færri á ballið en árið áður en þau sem mættu hafa flest tengst ungliðastarfinu á einhvern hátt eða hafa mætt á fundi á árinu. Því er hið besta mál þó færri hafi mætt á ballið enda er því ætlað að mæta þörfum hinsegin ungmenna fyrir viðburð við sitt hæfi en á ekki að vera stoppistöð fyrir ungt fólk á leið á djammíð.

Nokkrar breytingar voru á aðkomu umsjónaraðila að ungliðastarfinu síðastliðið starfsár. Sesselja María Mortensen (Setta) og Sólveig Rós komu nýjar inn í starfið en Uglya Stefania Jónsdóttir og Sigurður Júlíus Guðmundsson voru ungliðunum einnig innan handar. Uglya hætti störfum í janúar 2015 en Guðmunda Smári Veigarsdóttir er komið aftur til starfa eftir tímabundið frí. Meðalaldur ungliðahópsins virðist fara lækkandi og því hefur komið til tals að auka aðkomu umsjónaraðila að starfinu og leitast við að hafa 2 umsjónaraðila til staðar á hverju kvöldi. Því er stefnt að því að bæta einum til tveimur einstaklingum í hóp umsjónaraðila á næstunni.

Ný stjórn var kosin 8. febrúar og var stjórnarfyrikomulagi ungliðanna breytt á sama tíma. Er nú kosið sérstaklega um stöðu formanns og svo er kosið í tvö til fjögur önnur embætti og skiptir stjórnin með sér verkum eftir hentugleika. Núverandi stjórn skipa Agni Freyr Arnarson Kuzminov, Arna Marín Thorarensen, María Lóa, auk fleiri ungliða sem kjósa nafnleynd. Næsta stóra verkefni Ungliðanna er að útbúa bæklinga og plaköt en mörgum ungliðum finns vanta sýnilegt kynningarefni þar sem starfið er kynnt. Þegar kynningarefnið er tilbúið verður lögð áhersla á að því sé vel dreift í grunnskólum og menntaskólum landsins.

Það er mikilvægt að gott samstarf sé á milli stjórnar S'78, að vandað sé til vals á umsjónaraðilum og að umsjónaraðilar og stjórn S78 taki starfinu alvarlega til að tryggja að ungliðastarfið sé öflugt og fari vel fram, enda er það gífurlega mikilvægt eins og sannast á hverjum ungliðafundi.